



Mikið vill meira:
Nýfrjálshygga í framkvæmd og áhrif hennar.

Anna Marín Þórarinsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í Mannfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Mikið vill meira!
Nýfrjálshyggja í framkvæmd og áhrif hennar

Anna Marín Þórarinsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í Mannfræði
Leiðbeinandi: Tinna Grétarsdóttir
Umsjónarkennari: Unnur Dís Skaptadóttir

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í Mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Anna Marín Þórarinsdóttir 2012

Fáskrúðsfjörður, Ísland 2012

Útdráttur

Í ritgerðinni er fjallað um nýfrjálshyggju sem hefur verið ríkjandi hugmyndafræði á Vestur löndum seinustu þrjá áratugi. Háværar raddir hafa verið um að hugmyndafræðin væri meingölluð en málsvarar nýfrjálshyggju halda því fram að hugmyndafræðin sem slík standi en það hafi verið fólkið sem fór með framkvæmd hennar sem kom hér öllu á hvolf. Umræðan hefur því mikið til einkennst af einhliða afstöðu og því spurning um hversu frjósöm slík umræða getur orðið. Hugmyndafræðin byggir á ákveðinni sýn á atferli mannsins og samfélagsins. Í formi einkavæðingar og eignaréttar, frelsi einstaklingsins, takmarkaðs ríkisvalds og lágmarks reglugerða um flæði fjármagns ætlaði nýfrjálshyggja að byggja fyrirmyndarsamfélag manna. Í ritgerðinni mun ég skoða kenningalega grunn nýfrjálshyggju, ræða þætti hugmyndafræðinnar og hvernig framkvæmd hennar var í höndum fólksins. Jafnframt verður litið til hvernig menning, atferli og kynskipting í atvinnulífinu var á góðærisárum nýfrjálshyggjunnar á Íslandi. Ekki mun ég taka beina afstöðu með eða á móti nýfrjálshyggju en vissulega verður umræða mín á þá leið að draga fram þætti sem sýna hvernig fólkið fór offari í framkvæmd sinni á nýfrjálshyggju.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1 Upphaf nýfrjálshyggju og kenningar	7
1.1 Kommúnísk hugmyndafræði	10
1.2 Samanburður og gagnrýni á kenningar fjórmenninganna	12
1.3 Nýklassísk hagfræði.....	13
2 Hagræn mannfræði.....	14
3 Nýfrjálshyggja í framkvæmd.....	16
3.1 Kapítalisminn.....	17
3.2 Hið margrómaða frelsi nýfrjálshyggju.	18
3.3 Ríkisvaldið	20
3.4 Nýfrjálshyggja sem stjórnvíska	22
3.5 Óráðsía fjármálastofnana	24
4 Hið nýfrjálsa Ísland	26
4.1 Hagvöxtur	27
4.2 Atferli, menning og „misskipting“ kynjanna á kapítalískum tímum	29
4.2.1 Atferli góðærisins	29
4.2.2 Hin eftirsótta fyrirtækjamening	30
4.2.3 „Misskipting“ kynjanna	32
5 Lokaorð	34
6 Heimildaskrá	38

Inngangur

Nýfrjálshyggja hefur á undanförunum áratugum verið ráðandi hugmyndafræði á Íslandi og víðsvegar í heiminum. Nýfrjálshyggja og framkvæmd hennar getur tekið á sig margvíslega mynd í því samfélagi sem hún er innleidd, eins Reaganismi í USA og Thatcherismi í UK. Stefán Ólafsson hefur haldið því fram að markaðsvæðingin hafi gengið enn lengra á Íslandi en í USA og talar hann um róttæka nýfrjálshyggju hér á landi (Stefán Ólafsson, 2008: 233). Áhrifa af hugmyndafræði hennar hefur gætt sérstaklega í pólitískri og hagrænni hugsun og framkvæmd. David Harvey telur að áhrif nýfrjálshyggju séu það sterk að hún sé farin að hafa áhrif á almennan skilning fólks á eigin lifnaðarháttum og skynjun þeirra á umheiminum. Nýfrjálshyggja hefur verið grundvallarþáttur í stjórnspeki þróaðra vestrænna ríkja, og byggir á ákveðnum hugmyndum um að velferð manna sé best borgið með því að hámarka frelsi stofnana og fyrirtækja. Það sem einkennir þetta frelsi er einkaeign, áhyggjulausir markaðir, frjáls viðskipti (samkeppni) og síðast en ekki síst óheft frelsi einstaklinga (2007b: 22). Engin pólitísk stefna hefur átt eins mikinn þátt í að móta vestræn samfélög og þær grundvallarhugmyndir sem nýfrjálshyggja byggir á. Mannleg skynsemi er höfð að leiðarljósi en slíkt atferli mannsins liggur til grundvallar þess að einstaklingurinn hámarki hagnað sinn á markaði.

Á undanförunum árum, eða allt frá hruni fjármálakerfisins í heiminum, hafa menn verið að líkja hagkerfi nýfrjálshyggju við útópíusamfélag. Líklega væri hægt að segja að útópían grundvallaðist á þeirri forsendu stefnunnar að markaðurinn sé hið eiginlega ástand samfélags og afskipti ríkisvaldsins af samfélaginu sé röskun á þessu náttúrulega ástandi. Á svipuðum nótum er frelsið mannum eðlislægt og það er út frá þessu frelsi sem að markaðurinn verður til, út frá frjálsum ákvörðunum mannsins að vilja stunda viðskipti hver við annan (Kolbeinn Stefánsson, 2010; Harvey, 2007b). Þrátt fyrir að eðli og skynsemi mannsins hafi verið haldið á lofti í nokkrar aldir þá er ekki hægt að segja annað en að sú skynsemi sem átti að einkenna hinn nýfrjálssa mann hafi teygst sig langt út fyrir þau mörk sem henni var á sínum tíma ætlað að starfa innan.

Stefnan hefur sætt mikilli gagnrýni, þá sérstaklega á árunum eftir hrun. Einn þeirra sem hefur gagnrýnt stefnuna er hinn umdeildi Charles Ferguson en heimildarmyndin hans *Inside Job* (2010) fjallar á gagnrýninn hátt um hagfræðinga, stjórnmálamenn og bankamenn sem að tóku þátt og greiddu veginn fyrir óráðsúnni sem leiddi af sér fjármálahrunið. Gefið er í skyn í myndinni að þessir aðilar hefðu átt að vera farnir að sjá

hættumerkin löngu áður en allt var komið í ófni (Ortner, 2011). Hér á Íslandi kom meðal annars út bókin *Eilífðarvélin*, en sú bók á að gefa hinum almenna lesanda ágætis skýringu á hugmyndafræði nýfrjálshyggju (Kolbeinn Stefánsson, 2010: 7). Við lestur bókarinnar er erfitt að komast hjá því að finna gagnrýnishljóminn á nýfrjálshyggju. Kolbeinn birtir tilvitnanir í talsmenn nýfrjálshyggjunnar hér á landi sem varpa ljósi á það sem hann kallar málsvörn þeirra fyrir hugmyndafræðinni. Málsvörn þeirra er sú að ekki megi rugla saman kapítalískri hugmyndafræði og því hvernig fólk notfærir sér hana. Þeir telja jafnframt að ekki hafi verið gengið nógu langt í markaðsvæðingunni, það er að hugmyndafræðin hafi ekki fengið að njóta sín til fulls og þess vegna hafi allt farið á versta veg. Báðar þessar umræður eru góðar og gildar en til þess að eiga frjósama umræðu um þetta víðfema málefni þá tel ég að ekki sé hægt að skoða það út frá einu sjónarhorni. Í þessari ritgerð mun ég fjalla um nýfrjálshyggju sem hugmyndafræði og hvernig fólk túlkaði hana og framkvæmdi. Ekki er að mínu mati hægt að kenna hugmyndafræðinni einni saman um þá efnahagslegu krísu sem skekið hefur heiminn á undanförunum þremur árum heldur er einnig vert að skoða hvernig hún virkaði í framkvæmd hjá þeim sem töldu sig vera að vinna í anda stefnunnar. Vissulega eru vankantar á hugmyndafræðinni að mínu mati og gerir hún kröfur til eðli manna og tilverunnar sem í framkvæmda ganga ekki upp. Hugmyndafræðin sem slík getur þó ekki staðið ein og sér heldur þarf hún fylgismenn, sem að mínu mati fóru offari í framkvæmd hennar og mun ég draga fram þætti sem að styðja við það mat mitt.

Samkvæmt Marshall Sahlins þá á síðkapítalismi að hafa umbreytt í nýfrjálshyggju okkar daga (Sahlins, 2002: 59). Þessi orð má til sanns vegar færa enda eru í raun ekki til nein haldbær gögn sem skilgreina muninn á milli þessara tveggja hugtaka. Sherry Ortner bætir við hugmynd Sahlins með því að segja að nýfrjálshyggja sé seinni tíma kapítalismi sem gefin hefur verið vitund, færður út í öfgar og hefur meiri og sýnilegri áhrif (Ortner, 2011). Mannfræðingarnir Marc Edelman og Angelique Haugerud (2007a: 5-10) telja að nýfrjálshyggja sem og frjálshyggja byggist á grunnkenningum kapítalískrar hugmyndafræði. Jafnframt telur Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði, að merking hugtakanna frjálshyggja og nýfrjálshyggja sé á reiki (2010b: 197). Í ritgerðinni mun ég tala um þessi hugtök sem eitt og sama fyrirbærið, þrátt fyrir að sá stigs munur sé á að umfram frjálshyggjuna þá einkennist nýfrjálshyggjan af fjármálavæðingunni. Eins og með alla þróun þá skjóta gamlar hugmyndir alltaf upp kollinum aftur og öðlast þá ný gildi. Hugmyndir nýfrjálshyggju voru þó ekki aðeins

færðar í nýjan búning á seinustu áratugum heldur var framkvæmd þeirra og hugsunarhætti gefið of mikið frelsi.

Í fyrsta kaflanum verður farið yfir þann kenningarlega grunn sem liggur á bak við nýfrjálshyggju. Gerð verður grein fyrir hagfræðikenningum og hugmyndafræði Adam Smith og David Ricardo. Kenningar þessara manna eru kjarninn í ríkjandi hagfræðikenningum seinustu áratuga og eru þar með taldar eiga stóran þátt í hruninu sem átti sér stað í heiminum árið 2008. Einnig mun ég skoða kenningar kommúnismans í samanburði við kenningar kapítalisma enda eru bæði kerfin, af sumum, talin byggja á meingallaðri hugmyndafræði.

Í öðrum kafla fjalla ég um hagræna mannfræði og greini frá því hvaða breytingar innan mannfræðinnar urðu þess valdandi að þessi undirgrein varð til. Einnig verður fjallað um hvernig mannfræðingar hafa tekist á við þau nýju svið sem fjármálavæðingin hefur boðið upp á síðan 1980. Jafnframt verða tekin dæmi af etnógrafíum á þessum nýja vettvangi mannfræðinnar sem varpa ljósi á nálgun mannfræðinga á hagræna þætti sem eru að mörgu leiti flóknari en viðfangsefni hagfræðinga.

Í þriðja kafla mun ég ræða kapítalisma og áhrif hans. Ég fjalla um nýfrjálshyggju í framkvæmd og hvernig hún skilgreinir hinn frjálsa einstakling. Gerð verður grein fyrir einkennum hagkerfis nýfrjálshyggju og einnig verður nýfrjálshyggja skoðuð í ljósi hugmynda um stjórnvísu. Jafnframt verður reynt að varpa ljósi á fjármálakerfið og óráðsúna sem það skapaði á góðæristímanum svokallaða.

Í fjórða kafla mun ég svo skoða birtingarmynd nýfrjálshyggjunnar á Íslandi, hvernig stefnan varð að ráðandi afli og hverjir voru aðal málsvarar hennar. Í framhaldinu verður hagvöxturinn skoðaður enda talinn mikilvægur þáttur efnahagskerfisins. Einnig tel ég mikilvægt að taka með í umræðuna nokkra þætti eins og þeir voru í íslensku samfélagi á góðæristímanum eins og menningu, atferli manna og kynjamismun á vinnustöðum.

1 Upphaf nýfrjálshyggju og kenningar

Nýfrjálshyggjan virðist við fyrstu sýn vera ný stefna sem kom fram fyrir um 25-30 árum síðan, en rætur hennar liggja um þrjár aldir aftur í tímann, nánar tiltekið í frjálslýndisstefnunni (classical liberalism). Tvær kenningar setja mark sitt á þessa stefnu, annarsvegar hugmyndin um hið gildislausu samfélag og hins vegar að maðurinn

sé skynsemisvera. Í raun mætti segja að hugmyndir um skynsemi og rökfestu mannsins minni óneitanlega á þróunarkenningu Charles Darwin um að hinir hæfustu komist af (survival of the fittest)!

Hugtakið nýfrjálshyggja má rekja til skoska hagfræðingsins Adam Smith, sem talinn er vera faðir vestrænnar hagfræði. Bók hans *Auðlegð þjóðanna* er talin sá grunnur sem liggur að baki því sem við köllum hagfræði í dag og líta margir hagfræðingar enn í dag á bókina sem höfuðrit fræðigreinarinnar. Smith setti sér það markmið að finna út úr því hvernig hagfræðin virkaði. Hann gerði sé líkan sem byggði á virðiskenningunni (theory of value) og komast að því að afskipti ríkisins á fjármálum samfélaga ætti að vera sem minnst (Wilk og Cliggett, 2007:51-52). Kenning hans um *virði* er talin mikilvægur þáttur í hugmyndum hans um hagfræði. Hann taldi sig ekki geta notað peninga sem mælieiningu fyrir virði þar sem sjaldgæft var á þessum tíma að fólk ætti peninga. Jafnframt væri ekki hægt að nota nytsemi sem mælieiningu þar sem not væri af sumum hlutum sem væru af litlu virði (eins og til dæmis vatn) og svo á hinn bóginn væru til hlutir sem væru mikils virði (eins og gull) en lítil sem engin not væru af þeim. Hann taldi því að best væri að nota vinnu sem mælikvarða á virði þar sem öll vinna væri virði fyrir þann sem legði hana á sig og að raunverulegt virði hennar væri sú vinna sem lægi að baki framleiðslu hennar. Út frá virðiskenningunni ætlaði Smith að greina virkni hagkerfisins á vöruverð, svo verðið endurspeglaði raunverulegt verðmæti hennar en með því væri hægt að umbuna vinnuaflinu á réttmætan hátt fyrir vinnu sína. Á þennan hátt ætlaði Smith að sýna fram á að hægt væri að skapa auðuga þjóð (2007:52).

Eins og í forsendum frjálshyggju þá hneigðist Smith að ákveðinni sýn á mannlegu eðli. Hann telur einstaklinga stjórnast af eigin hagsmunum, þeir séu af náttúrunnar hendi ójafnir, þeir hneigist til viðskipta og samninga við aðra og þeir reyni að flestu leyti að bæta hag sinn. Hugmyndir þessar um mannlegt atferli eru grunnur að þeirri klassísku hagfræði sem við þekkjum í dag. Smith var fyrstur til að skilgreina eiginleika markaðarins á nákvæman hátt. Hann taldi markaðinn virka best ef áhrif ríkisvaldsins yrðu sem minnst og ef hvorki ríkisstjórnin eða umsvifamiklir einstaklingar fengju að skipta sér að hinni ósýnilegu hendi frjáls markaðar. Hin ósýnilega hönd er kjarninn í kenningum Smith, en hann taldi að hin ósýnilega hönd leiði menn til að vinna að almannahag þegar þeir ætli aðeins að vinna að eigin hag. Það er nefnilega ekki nóg að framleiða vöru sem menn ætli sér að græða á heldur verða menn að finna henni kaupanda líka (Bidstrup, 2002). Smith komst svo að orði að það væri ekki vegna góðvildar slátrarans, bakarans eða bruggarans sem við myndum vænta málsverðar,

heldur væri það vegna þess að þeir myndu hugsa um eigin hag. Bruggarinn, bakarinn eða slátrarinn væru aðeins að skapa sjálfum sér atvinnu með að búa til mat sem hægt væri að selja (Salvör Nordal, 2010; Ágúst Einarsson, 2007; Hann og Hart, 2011). Fyrir þetta myndu þeir fá borgað sem skapaði þeim lifibrauð. Þetta snýst þess vegna ekki um umhyggju fyrir náunganum heldur um að hámarka eigin hagnað. Viðskipti eru ekki stunduð vegna góðmennsku heldur vilja menn bera eitthvað úr bítum. Smith og samtímamenn hans töldu virkni markaðarins vera best borgið ef mörg lítil fyrirtæki á heimavelli fengju að fóta sig á honum óheft án afskipta frá stórum samsteypum, einokun eða átroðningi ríkisvaldsins (Bidstrup, 2002). Þessi hugmyndafræði Smiths um markaðinn er enn til staðar og glímur nútíminn við sömu vandamál og Smith reyndi að finna skýringar á, á sínum tíma. Kenningar hans lifa því enn í dag enda taldar sem undirstöður að þeirri hagfræði sem efnahagskerfi heimsins byggja á.

Breski fjármálaspekingurinn David Ricardo er stundum sagður arftaki Smith en hugmyndir Smith og þá sér í lagi bókin *Auðlegð þjóðana* hafði mikil áhrif á Ricardo (Mankiw og Taylor, 2008: 52). Ricardo, eins og Smith, hélt áfram að byggja á virðis hugtakinu innan hagfræðinnar. Fyrir honum var virði atóm hagfræðinnar, í sama skilningi og Newton sá atóm innan eðlisfræðinnar (Wilk og Cliggett, 2007: 54). Ricardo var sammála kenningu Smith um að það væri virkni hagkerfisins sem hefði áhrif á verðmæti vöru. Út frá þessu setti Ricardo fram fimm ályktanir sem skilgreina áttu allar efnahagslegar ákvarðanir fólks innan hagkerfisins:

1. Flestar eignir eru í einkaeigu
2. Sú vinna sem að liggur á bak við vöru er verðmæti hennar
3. Þeir sem taka þátt í hagkerfinu hafa frelsi til að velja
4. Manneskjan hugsar á rökréttan hátt til að hámarka hagnað sinn
5. Þar sem allir hlutir eru jafngildir er jafnvægi náttúrulegt ástand hagkerfisins

Jafnvægi er mikilvægt hugtak í kenningum Ricardos. Hann sá fyrir sér að jafnvægi væri eðlilegt ástand hagkerfis, það er að segja ef stjórnvöld kæmu þar ekki nálægt með regluverk sitt (2007: 54).

Þessir tveir hugsjónarmenn Upplýsingarinnar eiga að hafa lagt grunninn að þeirri hagfræði sem við þekkjum í dag og þá einnig þeim kenningum sem nýfrjálsbyggja byggir á. Það kemur berlega í ljós að þeir lifðu á óróa tímum og vildu kalla fram breytingar, ekki aðeins fyrir sjálfa sig heldur samfélagið allt. Þeir vildu þó ekki að það

væri ríkisvaldi sem að greiddi leiðina heldur átti fólkið, með því að hugsa um sjálft sig, að hjálpast að við að koma jafnvægi á samfélagið. Nýfrjálshyggja hefur tekið þetta atriði með í sína stefnu en fólkið sem sá um framkvæmd stefnunnar tóku eigin hagsmuna partinn langt út fyrir þann viðmið sem að Smith og Ricardo settu í byrjun.

1.1 Kommúnísk hugmyndafræði

Rekja má kommúníska hugmyndafræði til Karl Marx (1818-1883) og Friedrich Engels (1820-1895). Þeir litu kapítalismann mjög neikvæðum augum og töldu að það kerfi myndi víkja fyrir kommúnismanum. Þeir voru ekki á eitt sáttir um hvernig samfélag manna ætti að vera, miðað við þá kenningar sem Smith og Ricardo héldu fram. Marx og Engels skoðuðu samfélagið út frá valdi og ójöfnuði en ekki út frá hinum frjálsa einstaklingi þeirra Smiths og Ricardos. Það er því í aðalatriðum þessir þættir sem aðskilja þessa hugsuði. Í hugmyndafræði þeirra fyrrnefndu flokkaðist fólkið í samfélaginu í stéttir og var hver stétt skilgreind út frá eignum og vinnu hvers og eins. Jafnframt áttu þessar stéttir í stöðugum átökum sín á milli sem snérust um að ná yfirráðum og stjórn. Marx og Engels höfðu aðra skoðun á stjórnámálum en við búum við í dag, því fyrir þeim snérust stjórnámál ekki um einstaklinga eða flokka. Stjórnámál snérust um óumflýjanleg átök sem voru milli stétta, átök sem rekin voru áfram af einskærum efnahagslegum áhuga þátttakenda. Marx leit svo á að það væri fólkið sjálft sem að skapaði umheiminn og það væri því í þeirra verkahring að breyta honum líka (Wilk og Cliggett, 2007: 94-95). Marx skilgreindi einstaklinginn eftir vinnunni sem að hann vann enda taldi hann manninn ekki geta lifað án hennar og, eins og í kenningum Smith, þá var vinnan hið eignlega virði. Vara sýnir sitt rétta virði ef henni er skipt út í samræmi við þá vinnu sem fór í að framleiða hana (2007: 96). Marx og Engels voru á sama máli og Smith og Ricardo þegar þeir lögðust gegn sérhæfingu verkafólks. Að þeirra mati myndi sérhæfing hefta fólk og væri þá um hálfgerða frelsis sviptingu að ræða. Þeir líkja sérhæfingu við það að vera hnepptur í þrældóm í stað þess að hafa fulla stjórn á eigin gjörðum (McGee og Warms, 2008: 65). Strax á níttjándu öld sá Marx fyrir sem koma myndi með nútímavæðingunni, hvernig tæknivæðingin myndi skekja samfélög og leysa sjálfsþurftabúskapinn af hólmi. Það yrðu svo kapítalistarnir sem að á eftir kæmu sem myndu hirða þann gróða sem tæknin gæfi af sér við það að leysa verkafólkið af hólmi (Metcalf, 2005: 147; Wilk og Cliggett, 2007: 96).

Af klassískri hagfræði dró Marx þá skoðun að kapítalistar eignuðust auðæfi sín vegna vinnuaflsins, sem þeir höfðu yfir að ráða. Þeir yrðu auðugir af því að halda eftir ákveðnum hluta af því virði vöru sem vinnufólkið framleiddi. Í þessum skilningi er fjármagn ekkert annað er uppsöfnuð vinna og það er þessi vinna sem eykur fjármagn vinnuveitenda (Singer, 2000: 32-33). Átökin á milli stétta snérust um þennan tekjuafgang sem varð af vinnu verkafólksins. En það voru kapítalistar sem að áttu tækin og verksmiðjurnar sem sköpuðu þennan hagnað (Edelman og Haugerud, 2007b: 80) sem síðan var notaður til að kaupa meira af tækjum og byggja stærri verksmiðjur. Þetta orsakaði enn frekari kloffingu á vinnumarkaðinum þar sem einyrkjar urðu að leggja upp laupana. Koma þeirra inn á vinnumarkaðinn jók á samkeppnina sem í kjölfarið lækkað laun (Singer, 2000: 33). Það var því eignarétturinn sem skapaði óeirðir innan samfélaga. Marx taldi hagnaðinn liggja til grundvallar þeim skilningi sem menn höfðu á hagfræðinni, því að við þennan hagnað myndast gróði sem hægt er að nota til fjárfestinga eða umbóta (Wilk og Cliggett, 2007: 96).

Firring (e. alienation) er mikilvægt hugtak í marxískri hugmyndafræði. Fyrir Marx var firring ákveðið ástand í kapítalísku samfélagi sem þvingaði fólk til að selja vinnu sína til kapítalístanna. Þessi ánaud gerði lítið úr vinnufólkinu og þeirra augum var vinna ekkert annað en brauðstrit. Marx færði rök fyrir því að fylgifiskar kapítalismans, það er eignaréttur, samkeppni, græðgi og fleiri þættir væri aðeins að finna þegar að firringar ástand væri til staðar í samfélaginu (Singer, 2000: 34-35).

Það hljómar líklega einkennilega en í raun er hvergi í ritum Marx hægt að finna skýrar hugmyndir um hvernig kommúnisminn átti að vera. Marx gaf aðeins ákveðnar útlínur af hugmyndafræðinni en vöntun er á heildarmyndinni (2000: 37). Rithöfundurinn Francis Wheen (1999: 1-2) skrifaði ævisögu Marx og í henni talar hann um að saga tuttugustu aldarinnar liggi til grundvallar þeirri arfleið sem Marx skyldi eftir sig. Wheen heldur því einnig fram að Marx myndi ekki leggja nafn sitt við þann kommúnisma sem hinir svokölluðu „arftakar“ hans, Stalin, Che, Mao og Castro, hafa sýnt heiminum á tuttugustu öldinni. Þessir einræðisherrar töldu sig vinna í nafni „heilagrar ritningar“ Marx en Marx hefði aldrei lagt blessun sína yfir allar þær hörmungar, styrjaldir og fjöldamorð sem framin voru í nafni kommúnismans til þess eins að bæta samfélögin.

1.2 Samanburður og gagnrýni á kenningar fjórmenninganna

Ekki verður annað sagt en að allir þessir fjórir kenningasmiðir, Smith, Ricardo, Marx og Engels, byggja kenningar sínar á útópískum grunni. Kemur það helst fram í því að forsendur þeirra um fólkið í samfélaginu eru fyrirfram gefnar, gert er ráð fyrir ákveðinn fasti sé fyrir hendi. En ef það er eitthvað sem mannfræðin hefur kennt þá er það að fólk og samfélög er eins mismunandi og þau eru mörg og því er ekki hægt að gera sér fyrirfram gefnar hugmyndir um manninn eða tilveru hans. Í bæði kommúnisma og kapítalisma má finna þau „yfirlýstu“ markmið að einstaklingar eigi að hafa frelsi og jafnan rétt. Þrátt fyrir góð grundvallar markmið beggja stefna þá hafa þær verið umdeildar og nánast dáði út á tímum vegna pólitískra deilna í gegnum tíðina.

Marx og Engels sóttust eftir því að binda enda á kapítalismann og þá ánaud á verkafólki sem honum fylgdi. Eina leiðin til að afnema kapítalismann var að koma af stað byltingu sem kæmi kommúnismanum til valda. Aftur á móti lögðu Smith og Ricardo grunninn að þeim kapítalisma sem að við þekkjum og búum við í dag. Smith og Ricardo líta á einstaklinginn sem rökrænan og sem leitast í hvívetna við að hámarka eigin hagnað. Markaðurinn er því aðal leikvangur einstaklingsins. Marx og Engels töldu frelsi einstaklingsins vera best borgið undir stjórn kommúnismans. Sérhæfing á vinnumarkaði myndi vinna gegn þessu frelsi. Maðurinn átti að geta valið þá iðngrein sem honum hentaði best, hvort sem um væri að ræða eina eða fleiri. Hann átti að geta verið bóndi að morgni og veiðimaður að kveldi ef hann svo kysi (McGee og Warms; 2008: 65).

Eins og að ofan segir þá hafa þessir hugmyndafræðingar lifað í hálfgerðri staðleysu. Heimspekingurinn Thomas Nagel gefur þá skilgreiningu, að staðleysa, sé sýn á samfélag sem aldrei getur orðið að veruleika því sýnin gerir óraunhæfar kröfur til hegðunar og innrætingar fólks (Kolbeinn Stefánsson, 2010: 24). Það samfélag sem Sovétkommúnisminn gaf af sér var án valfrelsis en aftur á móti var samfélag markaðshyggjunnar gert út á valfrelsi. Sovétkommúnisminn reyndi að eyða fjölbreytileika fólks með kúgun og ofbeldi en sú innræting náði ekki fram að ganga. Markaðssamfélagið með allt sitt yfirlýsta frelsi átti það þó til að leiða af sér einsleitni (2010: 14-15). Það er þó ríkjandi í orðræðunni að af tvennu „illu“ sé kapítalisminn skárri heldur en þær hörmungar sem að kommúnisminn hafði í för með sér. Spurningin er þó sú að hvort að það að bera sig saman við kommúnismann sé styrkleiki fyrir kapítalismann.

1.3 Nýklassísk hagfræði

Kjarni hagfræðinnar er að markaðurinn haldist gangandi, en markaðurinn byggir á forsendum sem fræðigreinin gefur sér um mannlegt atferli (Gustafsson, 2010: 72). Þrír þættir mannlegs atferlis lágu til grundvallar klassískrar hagfræði fyrri tíma, en þetta eru að mörgu leiti sömu þættir mannlegs eðlis og Adam Smith byggði kenningar sínar á. Fyrsta einkenni mannlegs atferlis er skynsemi. Hagfræðin gerir ráð fyrir að einstaklingar geti sett sér markmið og séu færir um að meta hver sé besta leiðin að settu marki. Vegna skynsemi sinnar velja einstaklingar ávallt þá leið sem kemst hvað næst settu marki með sem minnstum tilkostnaði. Annað einkennið er að einstaklingar stýrast af eigin hagsmunum og eru því í eðli sínu sjálfselskir. Þriðja einkennið er að einstaklingurinn lifir í félagslegu tómarúmi vegna skynsemi sinnar og eigin hagsmuna. Samkvæmt þessu eru einstaklingar í engum félagslegum tengslum og þeir hafa því ekki áhrif hver á annan (2010: 76-77). Þær forsendur sem getið er hér að ofan eru álitnar af mörgum hagfræðingum óvefengjanlegar, eins og um heilaga ritningu sé að ræða frekar en skoðun ákveðinna aðila á tilteknum hlut. Það hefur loðað við hagfræðina allt frá byrjun greinarinnar að setta sig ekki við gagnrýni á þessar forsendur. Það virðist oft gleymast að ekki er hægt að taka hlutum, eins og mannlegu atferli, sem staðreynd og yfirfæra þá á heilt samfélag eða heiminn allan. Þessir þrír þættir voru skoðanir eins manns, Adam Smith, á sínum tíma og átti við í ákveðnum tilvikum sem eiga kannski ekki við allsstaðar í dag (78).

Wilk og Cliggett telja að vestræn menning hafi sett hagfræðina á ákveðinn stall undanfarna áratugi og að hagfræðin hafi verið hafin yfir aðrar félagsfræðigreinar (2007: 38). Hagfræðingar hafa tekið þátt í að mynda og móta stefnu stjórnvalda og hafa einnig tekið að sér háttsettar stöður. Þeim hefur verið líkt við spámenn þar sem þeir nota hagfræðilíkön og aðrar stærðfræðilegar formúlur til að spá fyrir um hagvöxt milljóna manna um allan heim. Umfram hinar félagsfræðigreinar þá er litið á hagfræðina sem raunveruleg vísindi (39). Þetta álitamál er eitt af þeim sem mannfræðingar settu fyrir sig á sínum tíma þegar undirgrein mannfræðinnar, hagræn mannfræði, var að líta dagsins ljós. Enn þann dag í dag líta mannfræðingar hagfræðina hornauga, sem stuðli að því að gera mannskepnuna að þurfandi veru (38), það sem kallað er í dag efnishyggju fólk. Að sögn Carrier og Miller þá vinna mannfræðingar í skugga hagfræðinga (1999: 25) enda eru áhrif hagfræðinnar yfirgnæfandi í heiminum í dag.

2 Hagræn mannfræði

Mannskepnan hefur stundað viðskipti hver við aðra frá örófi alda eða allt frá uppruna mannsins (Hann og Hart, 2011: 4). Innan hagrænnar mannfræði er reynt að varpa ljósi á hagræna ferla mannskepnunnar og í því sambandi er stuðst við þau greiningartæki sem bæði hagfræðin og mannfræðin búa yfir. Þegar mannfræðingar fóru að skoða hagræna ferla mannsins, sem áður höfðu verið undir hagfræðingum komið að skilgreina, urðu þeir síðarnefndu ekki á eitt sáttir. Slíkar rannsóknir áttu ekki að vera á færi fræðigreinar sem ekki var, að mati hagfræðinga, byggð á vísindalegum grunni (Wilk og Cliggett, 2007: 38-39). Mannfræðingarnir Chris Hann og Keith Hart (2011) telja að skipta megi þróun hagrænnar mannfræði í þrjú stig. Það fyrsta byrjar um 1870 fram að seinni heimsstyrjöld. Á þessum tíma voru hagrænir mannfræðingar einkum í því að skoða frumstæða menningu í samanburði við þá menningu sem var við lýði í vesturheimi, hvort hinn frumstæði maður nýtti sér skynsemi og rökhyggju við hagrænar gjörðir sínar. Bronislaw Malinowski, sem sagður er vera faðir hagrænnar mannfræði (Hann og Hart, 2011: 42), var einna fyrstur til að andmæla þessu, enda fann hann samfélag manna sem ekki var hægt að skilgreina samkvæmt vestrænum viðmiðum.

Næsta stig samkvæmt Hann og Hart, frá 1950-’70 einkenndist af stöðugum deilum, enda var á þessum tíma mikil ólga í efnahagskerfi heimsins eftir báðar styrjaldirnar (2011: 2-3). Wilk og Cliggett telja að deilan milli formalista og súbstantivista hafi verið mjög miðlægur þáttur í uppbyggingu hagrænnar mannfræði (2007: 3). Ádeila þessi snérist um hvort gildi vestrænnar hugsunar á hagrænum þáttum frumstæðra samfélaga væri góður mælikvarði á þá (Hann og Hart, 2007: 2; Wilk og Cliggett, 2007: 6). Jafnframt deildu þessar tvær fylkingar um eðli mannsins. Formalistar voru á sama máli og Smith og Ricardo á sínum tíma, að allir einstaklingar vildu hámarka eigin hagnað með rökrænni hugsun og skynsamlegar ákvarðanir væru teknar í tengslum við markaðinn. Súbstantivistar, með Karl Polanyi í fararbroddi, voru hinsvegar á því að kapítalisminn væri af hinu illa enda hefði hann tekið hagnað og markaðinn fram yfir gildi samfélags og manna. Fyrir kapítalistanum væru allir hlutir söluvara sem versla mætti með á markaði (Wilk og Cliggett, 2007: 6-7, 10).

Nútíminn einkennir þriðja stig hagrænnar mannfræði, sem spannar tímamann frá 1970. Í kjölfar hnattvæðingarinnar þurftu mannfræðingar að víkka út sjónarhorn sitt á hagrænum ferlum mannsins og skoða þá í víðara samhengi. Mannfræðingar sögðu nú skilið við frumstæð samfélög (Hann og Hart, 2011: 142) og hófu að skoða nýjar víddir

samfélaga. Efnahagur hinna iðnvæddu ríkja var ekki það viðfangsefni sem mannfræðingar höfðu lagt í að skoða, enda voru fáir mannfræðingar með þá þjálfun sem þurfti til að geta skilgreint fjármálatengd viðfangsefni. Það hafði því verið undir hagfræðingum komið að skilgreina áhrif alþjóðlegra efnahagsferla í heiminum. Mannfræðingar höfðu þó alltaf verið ötulir við að skrifa um og gagnrýna áhrif alþjóðlegra fjármálastofnana eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans. Umfjöllun mannfræðinga um slíkar stofnanir höfðu einungis snúist um áhrif þeirra en ekki um innviði eða starfsemi (Maurer, 2005: 176). Með fjármálavæðingunni upp úr 1980 kviknaði meiri áhugi fræðigreinarinnar á þessu viðfangsefni. Líklega mætti segja að þær efnahagsþrengingar sem orðið hafa í heiminum á síðustu árum hafa einnig haft áhrif á vettvangsstörf mannfræðinga og þess vegna vert fyrir þá að skoða ástæður þeirra.

Í dag er það algeng sjón að sjá mannfræðinga við störf í fjármálakerfinu (Hann og Hart, 2011: 160). Mannfræðingarnir Karen Ho (2009) og Gillian Tett (2009) tókust á við viðskiptaheim Wall Street í etnógráfium sínum. Báðar fóru þær og skoðuðu innviði nokkurra af stærstu bönkum New York borgar og tóku þar viðtöl við nokkra af starfsmönnum bankanna ásamt því að kynnast starfseminni af eigin raun. Í blaðaviðtali sem birtist við Gillian Tett árið 2008 er hún sögð hafa verið ein af þeim fáu sem spáðu fyrir um þær hremmingar sem í vændum voru þegar fjármálastarfsemin hrundi í heiminum. Jafnframt telur Tett að sá mannfræðilegi bakgrunnur sem hún bjó yfir, hafi verið mjög góður grunnur til að skoða fjármálatengd viðfangsefni. Hún telur að sú þjálfun sem mannfræðingar fá við að skoða heildarmynd (e. holistic view) samfélaga og menningu hafi hjálpað til við að sjá hvernig ýmsar hliðar fjármálalífsins pössuðu saman (Barton, 2008). Vikið verður að rannsóknum þeirra Ho og Tett í tengslum við kaflana um óráðsú fjármálastofnan og vinnusiðferði fjármálalífsins.

Margir mannfræðingar vilja meina að bæði hagfræðin og sú heimspeki sem umlykur hana sjái markaðskapítalismann sem náttúrulegt fyrirbæri en líta fram hjá þeim þvingunum og spillingu sem honum fylgir. Mannfræðingar eru frekar á því að nauðsynlegt sé að skoða og skilja hagfræðina út frá því umhverfi og menningu sem hún hefur sprottið úr (Luetchford, 2005: 392). Peter Luetchford bendir á að margar rannsóknir styðji þá hugmynd að fólk bregðist við og skilgreini markaðinn miðað við umhverfi og menningu á hverjum stað (2005: 392).

3 Nýfrjálshyggja í framkvæmd

Sagan sýnir að samfélög hafa farið í hringi með hvaða stefnu skulu fylgja í efnahagsmálum, hvort markaðshyggja, haftastefna, blandað hagkerfi eða eitthvað annað kerfi skuli ráða hverju sinni. Fyrir hrun ríkti ekki fyrsta markaðshyggjutímabilið í sögunni heldur var það alls ráðandi fyrir Kreppuna miklu 1929 (Stiglitz, 2010; Harvey, 2007b; Wolff, 2010). Til að koma sér út úr þeirri kreppu tók við efnahagsstefna sem kennd hefur verið við John Maynard Keynes og snérist um íhlutun ríkisins í efnahagsmálum, aðferð sem er eins og þyrnir í augum markaðshyggjusinna. Þrátt fyrir að menn hafi séð sæng sína útreidda eftir tímabil markaðshyggjunnar í byrjun 19. aldar þá voru menn samt tilbúnir að gefa þeirri hyggju aftur tækifæri 50 árum seinna. Oft er litið svo á að sú hyggja hafi komið fram aftur á áttunda áratugnum sem viðbrögð við þeim vanda sem steðjaði að vestrænum ríkjum í formi samdráttar eftir langt hagvaxtarskeið áratugina þar á undan (Kolbeinn Stefánsson, 2010: 35-36). Nýfrjálshyggjan var talin vera hugsanlegt svar við þeim vanda sem steðjaði að kapítálistanum og átti að geta bætt stöðu hans (Harvey, 2006: 14), sem ekki hafði verið mjög burðug á árunum eftir Kreppuna miklu. Það virðist því vera eftirsóknarvert að búa við markaðskerfi sem byggja á frjálshyggjumódelinu, fyrst að menn leita í það aftur og aftur.

Þjóðmálaspekingurinn David Harvey telur nýfrjálshyggju vera hálfgerða endurreisnarstefnu sem endurheimta átti yfirráð ákveðinna stétta sem fannst auði sínum ógnað í valdatíð sósíalísmans eftir seinni heimstyrjöldina (2007b: 22). Eins og áður hefur verið getið þá hefur nýfrjálshyggjan verið ráðandi hugmyndafræði seinustu áratuga. Til að hugmyndafræði geti orðið ráðandi þurfa grundvallarhugtök hennar að vera það innvinkluð í almennri orðræðu að þau verði tekin sem sjálfsögðum hlut (Harvey, 2007b: 24). Nýfrjálshyggja er algild hugmyndafræði sem gerir til dæmis ekki mun á ríkum og fátækum. Algild hugmyndafræði reynir að finna eitthvað tiltekið lögmál í mannlegri hegðun sem hægt væri að yfirfæra á allt samfélagið og grunvallarþætti þess (Kolbeinn Stefánsson, 2010: 12). Hér er því gert ráð fyrir að mannlegt atferli sé einfalt og þekkingin sé í samræmi við það. En í slíkri hugsun byrjar staðleysan þar sem atferli mannsins er mjög fólkið og þekking mannsins er takmörkuð á því sviði. Útkoman verður því alltaf mjög bjöguð og of einföld til að hægt sé að útfæra hana á réttan hátt.

3.1 Kapítalisminn

Kapítalismi skírskotar til framleiðslukerfis þar sem tveir hópar fólks eru þátttakendur. Stærri hópurinn samanstendur af vinnuaflinu sem selur fámennari hópi vinnuveitenda vinnu sína fyrir ákveðin laun, en það er hlutverk vinnuveitandans að útvega þau verkfæri og hráefni sem vinnuaflið á að vinna með (Wolff, 2010: 61). Þessi lýsing á fyrirbærinu kapítalismi virðist einföld og saklaus en sagan og fræðin hafa sýnt að með kapítalisma skapast óstöðugt efnahagsástand innan samfélaga. Mannfræðingar taka í sama streng og telja neikvæð og eyðileggjandi áhrif skapast í þeim samfélögum þar sem kapítalismi er starfræktur (Luetchford, 2005: 393). Þessi áhrif sýndu sig til dæmis í Bandaríkjunum þegar verðbréfamarkaðirnir hrundu í Kreppunni miklu. Eftir það fjármálahrun komu til sögunnar margar reglugerðir og kenningar sem áttu að koma í veg fyrir að slíkt hrun gæti átt sér stað aftur á mörkuðum í framtíðinni. Það gerðist þó ekki þar sem við höfum aftur fengið yfir okkur annað fjármálahrun. Fræðimenn telja að ef menn hefðu haldið áfram á sömu braut og þeir gerðu á 30 ára „gullaldartímabili kapítalismans“ (Bresser-Pereira, 2010: 3-7) hefði ekkert hrun orðið. Það tímabil einkenndist af skýru regluverki á markaði, efnahagslegum stöðugleika og minnkandi ójöfnuði en þessu var öfugt farið á nýfrjálsbyggjutímabilinu (eftir 1970) sem einkenndist af sívaxandi efnahagslegum óstöðugleika og auknum ójöfnuði sem aðeins fáir högnuðust á (2010: 3-7). Milton Friedman er talinn einn áhrifamesti hagfræðingur tuttugustu aldarinnar en hann leit svo á að kapítalisminn væri eina efnahagskerfið sem raunverulega gæti tryggt pólitískt frelsi. Þetta kerfi veitti ákveðinn grunn sem viðhélldi því frelsi sem fyrir væri, en væri einnig góður hvati til að þróa frelsi á þeim stöðum sem þess nyti ekki við (Vorster, 2010: 166). Tvíhliða frjáls viðskipti myndu skapa hagnað fyrir báða aðila og eftir því sem þau dreifðust meira, því meiri yrði hagnaðurinn.

Segja má að Karl Marx hafi verið sannspár í kenningum sínum um kapítalísk samfélög. Hann taldi að fyrirtæki myndu stækka uns þau hefðu náð að einoka markaðinn. Með tímanum myndi kapítalisminn fjárfesta meir og meir í tækjum og vélum sem myndi leiða til tæknilegra framfara. Hagkerfið myndi síðan ýmist glíma við kreppur eða hagsæld. Fyrirtæki myndu leitast við að ráða ódýrt vinnuafli en slíkt myndi lækka laun verkafólksins (Wilk og Cliggett, 2007: 100). Wilk og Cliggett telja að Marx hafi einnig spáð fyrir um atburði eins og að hagkerfi yrðu meira undir eftirliti ríkisins, bilið milli ríkra og fátækra færi stækkandi og við það yrði vakning meðal verkafólks sem loks myndi leiða til byltingar gegn kapítalismanum (2007: 100-101). Flestar af

Þessum spám Marx hafa gengið eftir en líklega hefur orðið einna minnst úr byltingu öreiganna eins og Marx kallaði verkalýðinn á sínum tíma.

Með nýfrjálshyggju varð til ný útgáfa að kapítalisma sem varð einkennandi fyrir fjármálavæðinguna sem ruddi sér til rúms um allan heim. Hagfræðiþrófessorinn Luiz Bresser-Pereira telur aðallega þrennt hafi einkennt komu þessa nýja kapítalisma:

- Mikil aukning varð á heildarverðmætasköpun fjárhagslegra eigna um allan heim sem afleiðing af margföldunaráhrifum hlutabréfa og afleiðusamninga.
- Skipt var úr raunverulegri fjármálastarfsemi í ímyndaða gróðrarstarfsemi sem auðgaði kapítalíska rentera.
- Mikill hagnaður fjármálafyrirtækja gerði það að verkum að hægt var að borga háa bónusa til fjármálastarfsmanna sem sáu um að auka tekjur kapítalískar rentera (2010: 8).

Eins og sjá má af þessum einkennum hins nýja kapítalisma þá snérist fjármálakerfið um það að ýta undir græðgi og auð, svo það var kannski ekki við öðru að búast en að kerfið myndi hrynja á endanum. Eins og rakið verður í kaflanum um óráðsía fjármálastofnana voru það mjög flóknar og óskýrar fjármálaleiðir sem leiddu að þessum „ímyndaða“ auð.

3.2 Hið margrómaða frelsi nýfrjálshyggju.

Algildar kenningar, eins og þær sem nýfrjálshyggja byggir á, er leið til að búa til sjálfgengissamfélög sem viðhalda sjálfum sér. Nýfrjálshyggja fór þá leið að minnka áhrif ríkisvaldsins með því að draga úr vægi samfélagslegra markmiða. Það er því velferðaríkið sem lætur í minni pokann fyrir markaðsvæðingunni. Einstaklingurinn átti sjálfur að skilgreina hið góða líf sem hann vildi lifa. Líklega er það vegna yfirlýstra markmiða um frelsi einstaklingsins sem nýfrjálshyggja varð eins vinsæl og raun ber vitni. Frelsi einstaklingsins er þó háð takmörkunum, þar sem hann er ekki frjáls nema hann hafi peninga á milli handanna (Kolbeinn Stefánsson, 2010: 16). Vettvangur frelsisins, samkvæmt nýfrjálshyggju, er markaðurinn þar sem fólk hefur val um hvaða vöru það kaupir. Það er því kaupmáttur hvers og eins sem gerir einstaklinginn frjálsan. Gæði lífsins eru því aðeins þau sem hafa verðmiða en ekki þau sem ætla mætti að við myndum meta hvað mest í lífinu, þeir þættir sem við erum ekki vön á líta á sem vöru (2010: 17-19). Hvort sem hinn „frjálsi“ einstaklingur er fátækur eða ríkur í markaðssamfélagi þá hefur hann ekkert val um það hvort hann tekur þátt á markaði eða

ekki. Markaðssamfélög virka ekki sem skyldi ef einstaklingar fá að velja um hvort þeir séu þátttakendur eða ekki. Hér er því um ákveðna þversögn eða kaldhæðni að ræða í nýfrjálssu samfélagi sem ætlar að gefa einstaklingnum frelsi og koma honum undan valdi samfélagsins, til þess eins að auka val hans.

Hagfræðingurinn og nóbelsverðlaunahafinn Edmund Phelps (2009) telur að kapítalískt hagkerfi hafi allavega haft það góða í för með sér að leyfa frumkvæðis- og áhættuhvöt mannsins að njóta sín; kapítalisminn sé eina efnahagskerfið sem boðið hefur upp á þetta frelsi mannsins og þar sem frelsi er eitt af markmiðum þessarar hugmyndafræði hlýtur þetta að vera af hinu góða. Phelps telur að þetta sé það sem viðskipti snúist um, að leyfa fólki að fylgja eigin eðlishvöt og samvisku.

Það hefur loðað við nýfrjálssan einstakling að vera mjög neysluhygginn. Chris Hann og Keith Hart telja að hægt væri að yfirfæra *habitus* hugtak Bourdieu yfir á neysluhyggju og þá hluti sem fólk á (2011: 154). Sjálfur skilgreindi Bourdieu hugtakið sem safn ákveðinna hneigða einstaklingsins og samfélagsins sem þessar hneigðir verða til í (Ostrow, 1981: 288-289), það er hvernig smekkur, hegðun, þekking og skoðanir mótast af umhverfinu og samfélaginu. Á góðæristímanum var hægt að sjá samskonar *habitus* í flest öllu fólki, þar sem það kepptist við að eiga flotta og ekki síst dýra hluti eins og nágranninn. Félagfræðingurinn Jean Baudrillard sá neyslu sem hálfgerða hagræðingu á táknum. Hann taldi einstaklinga nota eigin neysluhegðun til að nálgast félagslega hóp á sama tíma og einstaklingurinn notar hana til að aðgreina sig frá öðrum hópum. Að þessu leyti myndi neysla hjálpa til við að móta félagslegar og menningarlegar sjálfsmyndir (Hann og Hart, 2011: 153-154). Það er vel hægt að taka undir sjónarmið Baudrillard miða við útrásartíð einstaklinga, því að á þeim tíma „varð“ fólk hreinlega að eiga það sama og samstarfsmennirnir, vinirnir eða nágrannarnir. Það skapaðist samt hálfgerð keppni á milli fólks, líklega sérstaklega á milli karlpeningsins, um að eiga aðeins betri hluti heldur en náunginn (sjá umfjöllun Huldu Þórisdóttur 2009).

Mikil gagnrýni hefur verið á nýfrjálshyggju fyrir að leggja litla áherslu á jöfnuð. Nýfrjálshyggja í framkvæmd virðist valda því að hagur þeirra efnameiri eykst á sama tíma og hagur þeirra efnaminni eða almennings minnkar eða breytist ekkert. Þjóðmálaspekingurinn David Harvey túlkar þetta á þá leið að hvað sem hugmyndafræði nýfrjálshyggju segir þá snúist framkvæmd hennar að mestu leiti um hagsmuni þeirra efnameiri (Harvey, 2007b; Arnaldur S. Kristjánsson og Stefán Ólafsson, 2009). Nýfrjálshyggja skapar því grundvöll fyrir aukinn ójöfnuð innan samfélaga en dæmi eru

um slíkt í Bandaríkjunum á frjálshyggjuárunum fyrir Kreppuna miklu 1929. Einnig fór að bera á þessum mun hér á Íslandi frá árinu 1995 enda nýfrjálshyggjan að festa sig í sessi hér á landi á þeim tíma. Tímabilið sem eftir kom einkenndist af uppgangi í efnahagslífinu og almennri kaupmáttaraukningu. Ójöfnuður jókst til muna frá árinu 2003 og svo virðist vera að aukning ójafnaðar hafi verið meiri á Íslandi á þessum tíma en í öðrum OECD- ríkjum, þrátt fyrir að aukningu á ójöfnuði hafi gætt allvíða. Svo dæmi séu tekin þá hækkuðu meðaltekjur fjölskyldna í efstu hátekjuhópnum úr 1,6 milljón á mánuði árið 1993 í 18,2 milljónir á mánuði 2007 (Arnaldur S. Kristjánsson og Stefán Ólafsson, 2009: 2). Málsvarar nýfrjálshyggju líta þó svo á að ójöfnuðurinn sé ásættanlegur ef þeir efnaminni koma ekki verr út eða búi ekki við verri kjör en gengur og gerist í öðrum löndum. Á þessum tíma þegar þeir ríku urðu enn ríkari þá bættu stjórnvöld enn um betur og lækkuðu stórlega skattabyrði þessa hátekjuhópa. Á „útrásarárunum“ frá 2003 til 2007 þá hjálpuðu stjórnvöld þessum hópi, sem telur um 1% fjölskyldna hér á landi, enn frekar og felldu niður hátekjuskattinn. Þessi aðgerð jók enn á ójöfnuðinn milli fólks á Íslandi (2009: 2-3). Þrátt fyrir yfirlýst markmið nýfrjálshyggjunnar að hafa ríkisafskiptin sem minnst þá virðist ríkið mega koma að þeim málum sem ýtir enn frekar undir þá stefnu sem að frjálshyggjumenn vilja fara, eins og það að gera ríka manninn enn ríkari. David Harvey er á sama máli, að árangur nýfrjálshyggjunnar hafi verið sá að skila ágóða til þeirra sem sitja í efri stéttum samfélagsins (2007b: 156) á kostnað lágtekjustéttanna (Kolbeinn Stefánsson, 2010: 25-26). Í endurreisnarskýrslu Sjálfstæðisflokksins er það þó „viðurkennt“ að frelsi án ábyrgðar get leitt til ójöfnuðar (Endurreisnarnefnd Sjálfstæðisflokksins, 2009: 10). Þarna er talað mjög varfærnislega um frelsið þar sem sagt er að óheft frelsi *geti leitt* til ójöfnuðar en ekki *að það hafi leitt* til ójöfnuðar eins og flokknum og þorra almennings er vel kunnugt um eftir hrúnið.

3.3 Ríkisvaldið

Kapítalisminn gengur hreint til verks í markmiðum sínum varðandi ríkisvaldið, en yfirlýst markmið eru þau að ríkisafskipti eigi að vera sem minnst í markaðsvæddum samfélögum (Harvey, 2007b; Kolbeinn Stefánsson, 2010; Stiglitz, 2002). Samkvæmt kenningunni á hið nýfrjálssa ríki að ýta undir eignarétt einstaklinga og skilgreina lagannabókstaf þannig að frjáls markaður og viðskipti geti dafnað. Þessar aðgerðir eiga jafnframt að tryggja frelsi einstaklinga (Harvey, 2007b: 64). Milton Friedman var

harður á þeirri skoðun að umfang stjórnvalda ætti að vera takmarkað. Á sama tíma og stjórnvöld lofa að viðhalda frelsi setja þau hömlur sem takmarka það. Frjáls viðskipti og einkageirinn munu í sameiningu sjá um að halda afskiptum stjórnvalda í skefjum. Stjórnvöld ættu aðeins að sinna þeim þáttum sem markaðurinn getur ekki sinnt sjálfur, það er að ákvarða, framfylgja og útkljá um þær reglur sem gilda eiga á markaði. Aðalhlutverk stjórnvalda ætti að vera að viðhalda lögum og reglu, koma í veg fyrir íhlutun eins einstaklings yfir annan, framfylgja einkavæðingunni, skilgreina eignaréttinn, hlúa að markaðinum og setja lagaramma utan um peningamál (Vorster, 2010: 165-166).

Í nýfrjálshyggju samfélagi er mikið lagt uppúr að einkavæða sem flesta þætti þess. Með einkavæðingu og þá eignaréttinum er komið í veg fyrir að almenningur nýti sér auðlindir sem eru í almannaeign eins og til dæmis land og vatn. David Harvey (2007b: 65) nefnir að frjáls samkeppni geti ekki orðið á markaði nema sem flestir gearar samfélagsins sé komnir úr almannaeign og í einkaeign. Þegar eignarétturinn hefur verið tryggður á sem flestu þáttum getur frjáls samkeppni hafist milli fyrirtækja, einstaklinga og jafnvel milli svæða og landa.

Á Íslandi var einkavæðing ríkisfyrirtækja liður í stefnu ríkistjórnar nýfrjálshyggjusinna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, sem voru við völd frá árinu 1995 til 2007. Í byrjun beindist einkavæðingin helst að ríkisbönkunum, sem voru Íslenski fjárfestingabankinn, Landsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands. Einkavæðing á eignarhlut ríkisins í bönkum og fjármálafyrirtækjum varð því að veruleika á árunum 1997 til 2003. Á örfáum árum dró ríkið sig út úr almennri bankastarfsemi á Íslandi. Það var því ekki lengur á valdi ríkisins, í krafti eignarhalds, að hafa áhrif á þróun og umfang fyrirtækja sem höfð verið hvað umsvifamest í bankaviðskiptum. Eftir að ríkið hafði látið af hendi eignaraðildina breyttust forsendur ríkisins á þessum markaði og fjármálafyrirtækin urðu enn umsvifameiri en áður og hraður vöxtur hófst í bönkunum. Árið 2003 sameinuðust Kaupþing og Búnaðarbankinn sem síðar urðu að risaveldi á íslenskan mælikvarða (Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson, 2010a).

Þrátt fyrir að ríkið eigi að tryggja frelsi einstaklinga á markaði þá er það undir hverjum einstaklingi komið, samkvæmt lögmálinu, að sjá um eigin gjörðir og velferð. Þetta lögmál gildir til að mynda um velferðamál og menntun (Harvey, 2007b: 65). Ef einstaklingur nær frama í því sem að hann tekur sér fyrir hendur er hann talinn til

frumkvöðuls ef honum mistekst þá er við engan að sakast nema hann sjálfan (2007b: 65). Með þessu er átt við að það er ekki hægt að rekja mistök einstaklinga til kerfisins á neinn hátt, þar sem að einstaklingur er sinn eigin herra samkvæmt yfirlýstu frelsi hans.

Samkvæmt bókstaf nýfrjálshyggju er frjálst flæði fjármagns milli svæða og landa talið mikilvægt en þetta flæði voru Íslendingar farnir að nýta sér til hins ýtrasta fyrir hrun og menn jafnvel farnir að tala um að hér risi „alþjóðleg fjármálamiðstöð“ (Halldór Ásgrímsson, 2005). Það er aftur á móti hlutverk ríkisins að sjá til þess að flæðið sé óhindrað. Þessar hindranir geta verið tollar, stjórnun á ákveðnum umhverfisþáttum, refsíákvæði eða aðrar svæðisbundnar hindrana. Mikilvægt er að fjarlægja allar fyrirstöður nema að þær séu settar í þágu þjóðfélagsins (Harvey, 2007b: 66). Dæmi um þetta er að við innrás Bandaríkjanna í Írak átti að markaðsvæða sem flesta þætti samfélagsins. Opna átti landamærin fyrir erlendum aðilum og þar með leggja niður þær fyrirstöður sem hindrað gæti þessa þróun „í rétta átt“. Allt var sem sagt gert samkvæmt lögmáli nýfrjálshyggjunnar nema það að leyfa erlendum aðilum að komast yfir olíuauðlindirnar sem Írak er svo ríkt af. En hvaða hag voru Bandaríkjamenn að vernda? David Harvey (2007b: 6) telur að olíuauðlindirnar hafi aðeins verið verndaðar til að geta staðið straum af þeim kostnaði sem að stríðið myndi hafa í för með sér.

3.4 Nýfrjálshyggja sem stjórnvíska

Irma Erlingsdóttir gerir markaðsvæðingu háskólasamfélagsins að áhyggjuefni í grein sinni *Af veikum mætti: Ábyrgðar- og gagnrýnishlutverk háskóla* (2011). Á sýndarárunum uppsveiflunnar, eins og Irma kallar árin fyrir hrun (2002-2008), voru háskólar undir ægivaldi markaðsvæðingarinnar. Ekki var aðeins um bein afskipti stjórnmalaflokka í háskólasamfélaginu heldur tóku háskólarnir virkan þátt í að þjóna markmiðum viðskiptavaldsins í formi neytendapjónustu og fyrirtækjamenningu (2011: 12). Irma telur að háskólarnir hafi látið undan því ofurvaldi sem hugmyndafræði nýfrjálshyggju bauð uppá, en sú stefna tók ekki aðeins yfir háskólana heldur gegnsýrði stjórnmal og aðra þætti samfélagsins. Eitt mátti þó þetta ægivald eiga en það var sú mikla áhersla sem lögð var á að stórfyrirtæki tæku þátt í samfélagslegri þátttöku með styrkveitingum af ýmsu tagi. Líklega tóku fáir eftir því fyrr en eftir að allt hrundi hversu mikla peninga fyrirtæki landsins, eins og til dæmis bankarnir, lögðu í hina ýmsu menningar- og menntunarstarfsemi.

Loftur Eiríksson kallar þessa tilhneigingu fyrirtækja „menningarvæðingu viðskiptalífsins“ (2010: 60) og telur að fyrirtæki styrki ímynd sína með því að tengja sig við menninga- og listastofnanir sem njóta virðinga og trausts í samfélaginu. Fyrirtækin sem að Loftur tók fyrir í rannsókn sinni voru Landsvirkjun og Landsbankinn, en bæði fyrirtækin lögðu mikið kapp á listavæðingu á árunum 2002-2008. Með þessu voru fyrirtækin að taka á sig samfélagslega ábyrgð og um leið að koma fram af virðingu við samfélagið og umhverfið með starfsemi sinni. Jafnframt segir Loftur að Landsbankinn hafi til að mynda litið á menningarstefnu sína sem hluta af fjármálastarfsemi sinni þar sem að virðing og traust séu hvað mikilvægustu „eignir“ fjármálastofnana og hornsteinn að ímynd þeirra (2010: 70). Þessa stefnu fyrirtækja kallar Milton Friedman hræsni, þar sem fyrirtækin séu í raun ekki að gera annað en að styrkja stöðu sína og ímynd (Salvör Nordal, 2010: 105). Friedman er þó ekki að lasta fyrirtækin sem slík heldur þann jarðveg sem samfélagið býr slíkri starfsemi.

Þrátt fyrir að vera undir ofurvaldi komnir, þá glötuðu háskólarnir ekki sjálfstæði sínu að fullu heldur glötuðu þeir aðeins þeim tækifærum sem þeim gáfust til að andmæla og spyrna á móti og koma með önnur gildi (Irma Erlingsdóttir, 2011: 12). Þetta ofurvald sem á kerfisbundinn hátt gat tekið yfir og mótað háskólasamfélag heillar þjóðar, að mati Irmu Erlingsdóttir, skilgreindi Michel Foucault sem *lífvald* (e. biopower). Mannfræðingurinn Aihwa Ong tengir stjórnvísu nýfrjálshyggju (e. neoliberal governmentality) við hugmyndir Foucault um lífvald og beinir sjónum að því að stjórnvíska nýfrjálshyggju agar og stýrir einstaklingnum í gegnum hugmyndir um frelsi og athafnasemi sem gerir það að verkum að einstaklingurinn skynjar ögunina ekki sem utanaðkomandi afl heldur sem sjálfsprottna. Það sem einkennir hið pólitíska vald er að það er vart sýnilegt þar sem það tekur sér bólfestu innra með einstaklingnum. Það er því í gegnum sjálfsprottið framtak einstaklingsins sem hann tileinkar sér gildi nýfrjálshyggju eins og markaðshugsun, samkeppni og nýsköpun (2006, 13-14). Í anda nýfrjálshyggju gengur stýringin því út á að virkja einstaklingana betur og fá sem mesta skilvirkni út úr hverjum og einum og þannig að hámarka afraksturinn á forsendum markaðarins. Hingað til hafa hugtök eins og skilvirkni og hagkvæmni ekki talist til lasta. Garðar Árnason segir að samkvæmt Foucault er ekki hægt að koma sér undan lífvaldi, nema með því að yfirgefa samfélagið. Því hefur Foucault talið að líta megi á hið pólitíska vald sem skapandi, hvetjandi og frjósamt (2003: 211) ólíkt birtingu valds fyrri alda sem einkenndist af utanaðkomandi stýringu og sem grundvallaðist fremur af þvingandi ögun, skipulagi og refsingu (209-210).

Michael Hardt og Antonio Negri segja lífvald vera vald sem sameinar innanfrá félagslegt líf, ásamt því að „ fylgja því, túlka það, gleypa það í sig og endursegja það“ (2003: 157). Til þess að vald geti náð að stjórna lífi íbúanna verður það að vera heildrænt kerfi sem hver og einn einstaklingur flýtur ómeðvitað með (157). Foucault segir að stjórna megi líkamanum, til að auka gagnsemi hans, með því að aga hann og þjálfa til ákveðinna verka og um leið til hlýðni. Með þessu er hægt að tengja líkamann kerfum sem snúa að hagkvæmari og skilvirkari stjórnun (Garðar Árnason, 2003: 210).

3.5 Óráðsía fjármálastofnana

Líklega gerði hinn almenni borgari sér litla grein fyrir því stóra hlutverki sem bankastarfsemin hafði innan samfélaga en í rannsóknarskýrslu Alþingis er talað um að „...án bankakerfis er nútímasamfélag einfaldlega óstarfhæft“ (Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ásgeirsdóttir, 2010: 12). Það getur því hver gert sér það í hugarlund hversu mikilvægt það er að þess að starfsemi gengi án skakkafalla, líklega ekki fyrr en að allt hrundi. Jafnframt hafði almenningur ekki gert sér það í hugarlund hversu mikið fjármálastarfsemin hafði gegnumsyrt samfélög í gegnum árin. Í dag er hægt að líta yfir farinn veg seinustu 20 ára eða svo og sjá að hinar nýju afurðir sem að fjármálamarkaðurinn kom með voru bæði mjög flóknar og illskiljanlegar fyrir starfsmenn fjármálageirans, almenning og ekki síst eftirlitið. Því liggur það í augum uppi að erfitt hefur verið fyrir eftirlitið að búa til þann lagaramma og regluverk sem þessi starfsemi átti að vinna eftir. Ekki má gleyma að margir af starfsmönnum fjármálafyrirtækja leituðu allra leiða til að komast fram hjá reglunum (Salvör Nordal, 2010: 107), unnu þó samkvæmt laganna bókstaf en voru að öðru leyti siðlausir. Rannsóknarskýrsla Alþingis komst að þeirri meginniðurstöðu að Fjármálaeftirlitið (FME) hafi ekki verið í stakk búið að sinna eftirliti með fjármálastofnunum hér á landi, það er að þeim hafi brugðist ætlunarverk sitt. Telur nefndin að ónógt ráðstöfunarfé stofnunarinnar hafi skipt þar miklu máli og hafi vegna þessa ekki verið hægt að ráða inn nóg af fólki til að sinna eftirlitsstörfum miðað við þann öra vöxt sem var í fjármálakerfinu, það er bönkunum (Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson, 2010c: 172-173). Svavar Hávarðsson (2010) greinir frá því í *Fréttarblaðinu* að reynsluleysi starfsmanna hafi haft mikil áhrif á samskipti FME við fjármálafyrirtækin. Reynsluboltarnir voru keyptir til bankanna og eftir sat starfsfólk sem hafði litla reynslu og í sumum tilvikum vantaði jafnframt upp á menntun þeirra.

Upp úr 1980 byrjaði óráðsía fjármálageirans. Regluverk eftirlits fjármálastofnana gerði fjármálafyrirtækjum kleift að verða miðlægur hluti af endurdreifingu fjármagns með getgátum, svikum og prettum, eins og David Harvey kemst að orði um iðn fjármálastofnana á seinustu áratugum (2007a: 36).

Í etnógráfiu mannfræðingsins Gillian Tett var vettvangur hennar JP Morgan bankinn og fer hún í gegnum sögu fjármálastarfsemi hans, frá því að þeir fjármálagjörningar hófust sem síðar urðu að einni stórrí óráðsú. Hún tekur það margsinnis fram í bókinni að bankastarfsmenn sem störfuðu utan hinna eftirsóttu „nýsköpunardeilda“ (eða skuldasöfnunar deilda) hafi ekki haft „hundsvit“ á því sem þar fór fram (2009: 27-28). Eins og gefur að skilja þá hefur starfsemi nútíma fjármálafyrirtækja fleygt fram, þá sérstaklega á sviði lánamála og allri þeirri flækju sem því fylgir. Vegna umfangs þá hafa stjórnvöld átt á brattann að sækja með að sníða regluverkið að starfseminni, svo þau væru hvorki að skemma fyrir né að gefa starfseminni of lausan tauminn. Í myndinni *Inside Job* eftir Charles Ferguson (2010) kemur þó berlega í ljós að það hafi ekki þurft að leggja mjög hart að ríkisstjórn Bandaríkjanna til að fá þá til að taka þátt í að sníða regluverkið algjörlega að þörfum fjármálageirans. Enda virðist vera að ríkisstjórn Bandaríkjanna hafi þessa þrjá áratugi og gerir í raun enn, verið skipuð stjórnmalamönnum úr röðum fjármálageirans. Þessir menn voru því orðnir spilltir áður en þeir tóku sér sæti í ríkisstjórninni og því ekki skrytið að spillingin skyldi ná nýjum hæðum með þá við stjórnarborðið. Ríkisstjórnir 20. aldar, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu, voru á því að fjármálastarfsemi ætti heima í einkageiranum og fyrst og fremst að snúast um hagnað. Fjármálastarfsemin átti fyrst og fremst að þjóna almenningi og með það fyrir augum er spurning hversu langt stofnanirnar áttu að ganga í gróðavon sinni (Tett, 2009: 28). Einnig skipti það miklu máli að starfsemin kæmi ekki í veg fyrir frjálst flæði fjármagns um kerfið, þar sem peningar eru það fyrirbæri sem halda kerfinu gangandi. Áður en þenslan byrjaði í fjármálakerfinu voru vissulega til regluverk sem settu fyrirtækjum ákveðnar skorður. En þegar fram liðu stundir var farið að líta á þessi regluverk sem hálfgerðar spennutreyjur um fjármálalífið (Tett, 2009: 29). Stjórnvöld voru í raun knúin til þess að gera breytingar þar á og væntanlega hafa stjórnvöld látið aðeins of mikið undan þrýstingi.

Eins og ofan greinir þá eru peningar það fyrirbæri sem halda hagkerfinu gangandi en peningar hafa verið eitt af viðfangsefnum hagrænnar mannfræði. Innan hagfræðinnar er litið á peninga sem ópersónulegan hlut, en þessari ímynd hafa mannfræðingar reynt að breyta með því að sýna fram á að peningar eru óaðskilinn hlutur af daglegu lífi fólks.

Fyrir hinum venjulega manni eru peningar ekki hlutabréf og vísitölur heldur eru þeir það fyrirbæri sem fólk lætur af hendi til að hafa ofan í sig og á. Í þessu felst rökstuðningur mannfræðinga (Hart og Hann, 2011: 93). Keith Hart og Chris Hann telja að peningar séu miðlægur þáttur í samfélaginu þar sem peningar geta bæði kallað fram veikleika hvers manns og samfélags sem og að vera sá miðill sem gefur ópersónulegum hlutum þýðingu (2011: 94).

4 Hið nýfrjálsa Ísland

Hannes Hólmsteinn Gissurarson er einn róttækasti nýfrjálshyggjusinni hér á land. Hann hefur talað fyrir því að gera Ísland að skattaparadís fyrirtækjaeigenda, auðmanna og hátekjufólks í svipuðu formi og hjá smáríkjum í Karabíska hafinu. En hugmyndirnar sem standa að bak skattaparadísinni samræmast ekki rekstri velferðaríkis (Stefán Ólafsson, 2008: 249). Í grein eftir Hannes Gissurarson (2004), sem birtist í netritinu *The Wall Street Journal* notar Hannes hástemmdan orðforða við að dásama þann kraft sem nýfrjálshyggja hefur í för með sér. Þar tala hann meðal annars um að fyrir aðeins 100 árum hafi Ísland verið eitt af fátækari ríkjum Vestur-Evrópu en eftir róttækar og heildrænar aðgerðir nýfrjálshyggju, í anda Thatcher stjórnarinnar á Bretlandi, hafi Ísland orðið eitt efnaðasta land heimsins. Þessu góða gengi Íslands vill hann þakka Davíð Oddssyni, en Davíð er einn þessara frumkvöðla nýfrjálshyggjunnar hér á landi. Í stjórnatið Davíðs, þegar nýfrjálshyggjan var komin við völd, var til dæmis verðbólgunni komið úr 100% niður í 2-3% og fjárlagahalli ríkissjóðs var réttur af. Eftir að hafa komið stöðugleika á efnahag landsins var ráðist í að einkavæða nokkur af stærstu ríkisfyrirtækjum landsins eins og bankana og Símann. Telur Stefán Ólafsson að með þessum aðgerðum hafi frjálshyggjuvæðingin hér á landi náð hámarki (2008: 232). Jafnframt var verið að undirbúa jarðveginn fyrir komu erlendra fjárfesta til landsins, enda var búið að opna landið fyrir fjármagnsflutningum og viðskiptum með inngöngu í EES bandalagið (Þorgerður Einarsdóttir, 2010a; Stefán Ólafsson, 2008). Hannes telur að hina alþjóðlega stefnu í efnahagsmálum, að hætti nýfrjálslýndra, eigi stóran þátt í því góðæri sem var við lýði (Hannes H. Gissurarson, 2004), á þeim tíma sem greinin er skrifuð!

Hugmyndagrúnnur nýfrjálshyggju, eins og áður segir, snýr að því að lágmarka sem allra mest umsvif ríkisins með því að einkavæða ríkisfyrirtæki eins og til dæmis banka

og fjarskiptafyrirtækja. Íslendingar slógu ekki slöku við í einkavæðingunni í stjórnatið hægri manna. Enda hefur Stefán Ólafsson (2008) talað um að á Íslandi hafi verðið stunduð róttækari frjálshyggjustefna en í öðrum löndum, jafnvel enn róttækari stefna en í Bandaríkjunum

4.1 Hagvöxtur

Nýfrjálshyggja laðaði að sér fylgismenn undir lok 10. áratugar seinustu aldar, einkum vegna væntinga þeirra um aukinn hagvöxt fyrir kapítalískt hagkerfi. Markaðsvæðingin átti að hafa í för með sér sköpunarkraft og atorku sem átti að skila sér til samfélagsins í formi auðs og auka þannig hagsældina í landinu (Kolbeinn Stefánsson, 2012: 35). Markaðshagkerfi duga skammt án hagvaxtar og er í raun hægt að segja að hagvöxtur sé lífæð markaðarins en Kolbeinn Stefánsson (2010: 35-36) bendir á að án vaxtar geta kapítalísk hagkerfi ekki viðhaldið sér og dafnað. Í hagkerfi sem þessu er það lífibrauð flestra að selja kapítalístunum, fyrirtækja eigendunum, vinnu sína og fá fyrir það laun. Kapítalístinn sækist eftir því að hámarka hagnað sinn og vill því fá meira í sinn hlut, fyrir þá vinnu sem launamaðurinn innir af hendi, en hann er tilbúinn að láta. Réttlætning kapítalístans fyrir slíku fyrirkomulagi liggur í því að hann sé eigandi framleiðslutækjanna og að ábyrgðin liggi hjá honum þegar upp er staðið. Á útrásartímanum svokallaða bættist mikil græðgi við háværkun á hagnaði hjá kapítalístunum, sem líklega varð þeim að falli. Hugo Slim metur hagvöxt á þann veg að með aukningu hans er verið að greiða leiðina að meiri þróun og betri lífsskilyrðum (1995: 145). Að margra mati þá virtust lífsskilyrði á Íslandi batna til muna á góðæristímanum en eins og annarsstaðar í heiminum þá gekk þessi hagvaxtar aukning út á þenslu á öllum sviðum, uns ekki var hægt að ráða við neitt.

Stefán Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands, birti grein árið 2008 um rannsókn sína á hagvexti og kaupmætti Íslendinga frá lýðveldisárinu 1944. Niðurstöður hennar koma á óvart þar sem mesta hagsældin var nefnilega ekki á árunum eftir 1995 heldur á árunum milli 1960-1980 en þá var hagvöxturinn mun kröftugri en á árunum sem á eftir komu. Góðærið sem var á þessum fyrri áratugum einkenndist af jafnri og almennri aukningu á kaupmætti meðal almennings. Það góðæri sem þorri almennings vill telja eða fullyrðir að hafi verið á árunum eftir 1995 einkenndist í raun af sívaxandi ójöfnuði. Það var hátekju- og stóreigna fólkið sem naut hagvaxtarins enda komu ofurlaunin í fyrsta skipti við sögu á Íslandi, en lágtekju fólkið dróst verulega aftur úr öllum öðrum.

Tíminn eftir einkavæðingu bankanna árið 2003 er í hugum margra sá tími sem virkilega kom „hagsældar“ hjólunum til að snúast hér á landi. Stefán greinir frá því að þetta tímabil eigi sér mikla sérstöðu síðan á lýðveldistímanum. Þessi sérstaða var þó ekki vegna hugsældar heldur vegna gríðarlegrar skuldasöfnunar erlendis, sem síðan leiddi til fjármálahruns og kreppu á Íslandi, að mati Stefáns. Eins og Íslendingar hafa fengið að kynnast á seinustu misserum þá hafa afleiðingar þessar verið mjög neikvæðar fyrir líf skjör þeirra og framtíð. Þessa framvindu mála vill Stefán meina að rekja megi til róttækra áhrifa nýfrjálshyggjunnar, sem eins og að ofan greinir var innleidd með vaxandi hætti frá árinu 1995 enda þjóðin mjög móttækileg fyrir þessari stefnu. Þar spilar inn í frelsið sem þjóðin hafði fengið með fjármagnsflutningum lands á milli, þegar samningurinn að EES tók gildi, en líka hversu veikt kerfi hins opinbera í eftirlits- og aðhaldsmálum var orðið vegna stefnu stjórnvalda. Stefán vill því meina að hið eiginlega efnahagsundur, eins og hann orðar það, hafi orðið á tímabilinu 1960-1980 vegna framþróunar í sjávarútvegi, orkufreks iðnaðar og ferðaþjónustu, sem þá var að verða að leiðandi atvinnugrein. Einnig efldi uppbygging í mennta- og velferðakerfinu Íslendinga til muna (Stefán Ólafsson, 2008).

Það er ljóst af skýrslu Stefáns að ekki eru allir sammála því að síðustu áratugir fyrir hrun hafi verið mestu uppgangstímar Íslandssögunnar. Í þessu sambandi bendir Stefán á lista Sameinuðu þjóðanna um lífsgæði þjóða í heiminum. Á þeim lista var Ísland árið 1980 í öðru sæti þeirra þjóða sem bjuggu við mestu velmegunina. Áratug síðar hafnaði Ísland í þriðja sæti en árið 2007 var landið komið í fyrsta sæti listans. Þrátt fyrir að hafa hreppst fyrsta sætið að lokum þá var þetta aðeins eitt sæti upp á við á tæpum tveimur áratugum. Þessi sautján ár áttu að hafa aukið velmegun hér til muna en Ísland var þegar komið í fremstu röð meðal vestrænna þjóða löngu áður en nýfrjálshyggja tók sér bólfestu hér á landi (Stefán Ólafsson, 2008: 233-234).

Á alþjóðavísu urðu hagvaxtarspár ekki þær sem fylgjendur stefnunnar töldu að hún gæti skilað. Heildar hagvöxtur í heiminum stóð í um 3,5% á 6. áratug seinustu aldar. En á 8. og 9. áratugnum hafði hagvöxturinn fallið niður í 1,4% og síðar í 1,1%. Þessar hagtölur sýna að nýfrjálshyggju hafði ekki tekist ætlunarverk sitt. David Harvey (2006: 42) setur fram þá spurning „af hverju eru þá svo margir sannfærðir um að nýfrjálshyggja sé „eini valkosturinn“ og að hún hafi verið svo árangursrík“? David Harvey telur að sú hylli sem að nýfrjálshyggja nýtur sé í raun komin frá efri stéttum samfélaga enda hefur stefnan annaðhvort fært auðvaldinu völdin aftur eða skapað skilyrði fyrir myndun kapítalískrar stéttar á ný (2006: 42).

4.2 Atferli, menning og „misskipting“ kynjanna á kapítalískum tímum

Eitt af aðalsmerkjum í aðferðafræði mannfræðinnar er að hlutirnir eru skoðaðir í heild sinni, það er að skoða samspil manns og samfélags þegar á vettvang er komið. Vegna þessa er ekki fullnægjandi að skoða framkvæmd hugmyndafræði nýfrjálshyggju án þess að skoða þætti sem tengjast fólkinu beint, eins og atferli þeirra sem unnu með hugmyndafræðina, valdaskiptingu kynjanna og hvernig rómaðri menningu fyrirtækjanna var háttað.

4.2.1 Atferli góðærisins

Hulda Þórisdóttir, dr. í félagslegri sálfræði, telur mögulegt að ýmis séríslensk einkenni hafi átt þátt í efnahagshruninu á Íslandi. Það ríkir hálfgerður þjóðernislegur blær yfir þeim einkennum sem Hulda talar um eins og smæð þjóðarinnar, landfræðileg lega hennar, hversu ung hún er sem sjálfstæð þjóð og einnig nefnir hún að óblíð náttúra gæti átt þátt í þeim hörmunga atburðum sem áttu sér stað á Íslandi í aðdragandi hrunsins (2009: 275). Eins og oft hefur komið fram þá hefur kapítalisminn byggt á þeirri grunnforsendu að mannskepnan sé skynsöm og rökhyggin vera. Í klassískri hagfræði er gert ráð fyrir því að einstaklingurinn sé hinn hagsýni maður eða *homo economicus*, sá hinn sami og Bronislaw Malinowski leitaði að á sínum tíma á Trobriand eyjum. Malinowski gerði sér hins vegar fljótlega grein fyrir að þessi einstaklingur væri aðeins til í vestrænni hugmyndafræði (Wilk og Cliggett: 2007: 37-38). Samkvæmt hagfræðinni þá hugsar *homo economicus* aðeins um eigin hag og hvernig hann getur hámarkað hann. Þessi skilgreining á einstaklingnum er kjarninn í klassískri hagfræði og er John Stuart Mills talinn skapari þessa fyrirbæris (Persky, 1995: 222). Þessari forsendu klassískrar hagfræði, að maður sé í eðli sínu skynsamur og rökvís, véfengdi Hulda í viðauka II sem hún skrifaði í Rannsóknarskýrslu Alþingis (2010/2009) á sínum tíma og skoðaði forsenduna frá sjónarhóli sálfræðinga og atferlishagfræðinga.

Í allri umræðu á góðæristímanum og ekki síst eftir hrúnið var litið svo á að almenningur hafi staðið utan við þetta allt saman, eins og hann hafi aðeins verið leikbrúða á sviði kapítalistanna. Á góðæristímanum var það mikil bjartsýni sem einkenndi þjóðina og talar Hulda Þórisdóttir um, í viðauka sínum, að þessi bjartsýni hafi ekki síst einkenst af því hversu stór hluti þjóðarinnar var tilbúinn að halda áfram að veðja á hátt gengi krónunnar, með tilliti til lánaveitinga í erlendri mynnt (2009: 276).

Einnig gerði þessi bjartsýni það að verkum að menn brugðust illa við hverjum þeim teiknum sem sýndu fram á annað en bjarta tíma. Sem dæmi um þetta tekur Hulda greiningarskýrslu frá matsfyrirtækinu Fitch sem dró upp heldur ófagra mynd af efnahagsmálum landsins. Viðbrögð á þessari frekar dökku mynd létu ekki á sér standa frá stjórnáráðgjöf og öðrum háttsettum embættismönnum. Viðbrögðin voru síður en svo á þann veg að mögulega væri eitthvað til í þessum orðum skýrsluhöfundar matsfyrirtækisins. Hulda telur tvær skýringar liggja að baki þessum hörkulegu viðbrögðum Íslendinga við skýrslunni. Sú fyrri er að ef tekið hefði verið undir þessa gagnrýni þá hefði það jafngilt því að draga „blómstrand“ fjármálakerfi Íslendinga í efa. Slík efahyggja hefði til dæmis dregið þær spár embættismanna í efa að innan fárra ára yrði Ísland orðið að alþjóðlegri fjármálamiðstöð (sjá ræðu Halldórs Ásgrímssonar, 2005). Seinni ástæðan er af sálfræðilegum toga og snýr að því hvernig fólk tók nánast ómeðvitað á móti því sem stóð í skýrslunni. Fólk trúði því í fullri einlægni að skýrslan væri jafn meingölluð og gagnrýnt var í fjölmiðlum en slík hugsun kallast *markmiðsdryfin hugsun*. Fólk hafði þá trú að efnahagslíf Íslendinga stæði í blóma og því meðtekur fólk upplýsingar í takt við þá skoðun (2009: 277-278). Af þessari ástæðu tók fólk á gagnrýni skýrslunnar eins og raun bar vitni. Á góðæristímanum var það viðtekin orðræða hvað Íslendingar væru klárir og efnilegir á fjármálasviðinu, aldrei var talað um hvort mögulega væri verið að fremja gjörninga sem væru lagalega eða siðfræðilega rangir. Því ætti það ekki að vekja furðu að einu markmiðin sem Íslendingar höfðu á þessum tíma voru að komast hærra upp í metorðastigann, en eins og segir í titli ritgerðarinnar þá vill mikið alltaf meira.

4.2.2 Hin eftirsóttta fyrirtækjamenning

Menning, sem oft hefur verið talið vandræðahugtak mannfræðinnar, fékk mjög afmarkaða merkingu á góðæristímum. Þá var ekki endilega verið að líta á menningu samfélagsins heldur var það fyrirtækjamenningin sem skipti máli fyrir fólkið. Í bókinni *Ævintýraeyjan* lýsir Ámann Þorvaldsson, fyrrverandi bankastjóri hjá Kaupþingi, þeirri fyrirtækjastemningu sem ríkti innan bankans meðan allt lék í lyndi:

Fyrirtækjamenningin sem varð til hjá okkur fyrstu árin, var mjög sérstök.

Meðalaldurinn var lágur, fólk var atorkusamt og lífsglatt og það varð til þess

að hjá Kaupþingi myndaðist andrúmsloft sem einkenndist af mjög mikilli vinnu en jafnframt tíðum skemmtunum.....Við hittumst og fengum okkur bjór eftir vinnu, skipulögðum fjölskylduhátíðir og fórum í útlegur um helgar. (Ármann Þorvaldsson, 2009: 23).

Eins og Ármann greinir frá þá unnu starfsmenn Kaupþings ekki aðeins saman heldur deildu þeir mestum af sínum frítíma saman líka. Samkvæmt Huldu Þórisdóttur hefur verið sýnt fram á að fyrirtæki þróist oftast í þá átt að starfsmenn þess verði smá saman líkari hver öðrum og er talað um að fjórar ástæður liggi þar að baki. Í fyrsta lagi þá hefur forstjóri eða stofnandi fyrirtækis ákveðin markmið í rekstri fyrirtækisins, en markmið þessi endurspeglar þann persónuleika eða bakgrunn sem viðkomandi býr yfir. Í öðru lagi þá laða þessi markmið að sér ákveðið fólk sem er tilbúið að takast á við þau gildi sem fyrirtækið býður upp á. Í þriðja lagi þá eru þeir umsækjendur ráðnir til fyrirtækisins sem þykja falla að þeim markmiðum sem fyrirtækið hefur, þá með tilliti til bakgrunns umsækjenda. Í fjórða lagi þá hætta yfirleitt þeir einstaklingar sem að finna sig ekki hjá fyrirtækinu. Þessir fjórir þættir sýna að ákveðin félagsmótun eigi sér stað hjá fyrirtækjum, mótun sem snýr að því að falla að markmiðum og gildum forstjóra eða stofnanda fyrirtækisins (2009: 287).

Mikil vinna og pressa hafa lengi vel verið tengd þeirri starfssemi sem fram fer innan veggja fjármálafyrirtækja. Samkeppnin milli þeirra hefur sett sinn svip á þá vinnu sem starfsmenn hafa þurft að inna af hendi til að ná samningum og vera þar af leiðandi eitt af leiðandi fyrirtækjum fjármálageirans. Í etnógrafíu sinni: *Liquidated: an ethnography of Wall Street* (2009), fjallar mannfræðingurinn Karen Ho um þessa hlið fjármálalífsins. Hún vitnar í fjölmarga viðmælendur sem allir eru á sama máli um að það mikið hafi legið undir og menn hafi þurft að vera tilbúnir að fórna öllu fyrir það eitt að vinna í virtasta fjármálaverfi heimsins. Viðmælendur hennar tala um að hafa misst vini sína vegna vinnuálags með síendurteknum afboðunum um að hitta þá (2009: 89). Allir dagar einkenndust af því einu að vinna út í eitt og sofa sem allra minnst, vinnuvikan var yfirleitt að meðaltali um 100 klukkustundir. Hér skal þó tekið fram að laun bandarískra nýstúdentanna sem vinna í fjármálageiranum eru mjög lág. Gert er ráð fyrir að menn leggi mikið á sig til að uppskera góð laun að lokum (86-87). Aftur á móti talar Ármann Þorvaldsson um það í bók sinni að nýstúdentar á Íslandi hafi verið ráðnir inn á mjög háum byrjunarlaunum, jafnvel hafi margir nemendur verið komnir á launaskrá hjá bönkunum löngu áður en þeir voru útskrifaðir. Hann vitnar jafnframt til

Þess að bílar nemenda við háskólana hafi verið það margir að kennarar hafi átt í vandræðum með að leggja reiðhjólunum sínum við skólana (2009: 159). Dæmir hver um kaldhæðnina sem að fylgir þessum orðum.

4.2.3 „Misskipting“ kynjanna

Frjálshyggjusjónarmið og einstaklingshyggja hafa sett mark sitt á hugmyndir um kynjatengsl samtímans (Þorgerður Einarsdóttir, 2010a: 38), þá sér í lagi þær hugmyndir sem snúa að frelsi enda táknrænt hugtak í hugmyndafræði nýfrjálshyggju. Eftir hrun fjármálakerfisins hér á landi heyrðust þær gagnrýnisraddir að rekja mætti ástæður þess til karllægra gilda og gerð var sú krafa að hið kvenlæga innsæi fengi uppreisn æru með auknum hlut kvenna í uppbyggingu landsins (2010a: 28). Undir þetta taka höfundar *World Economic Forum* skýrslunnar (2009) þegar þeir segja að endurreisnin krefjist þess að þeir einstaklingar sem búa yfir frumkvæði, hæfni og hugmyndaþrjú komi saman og takist á við ástandið í dag. Í sama skilningi hvetja þeir samfélög og fyrirtæki til að láta undir hæl leggjast að leita eftir hæfni og greind kvenna við að koma á efnahagslegum vexti á ný, þar sem konan sé einn af hornsteinum samfélagsins (Hausmann, 2009: V). Kynskipting á vinnumarkaði hefur ætíð verið mikið álitamál, sérstaklega í ljósi þess að oftast eru það konurnar sem láta í minni pokann fyrir karlkyninu. Sérstaklega þegar kreppir að þá kemur ástand samfélagsins hvað harðast niður á konum, hvað stöðu þeirra og kjör varðar (Þorgerður Einarsdóttir, 2010a: 28). Mannfræðingarnir Richard Wilk og Lisa Cliggett telja að á kerfislegan hátt hafi hagfræðigreinin verið skilgreind sem stofnun utan um karllægar athafnir en á sama hátt hafi athafnir konunnar verið skilgreindar óhagrænar (2007: 18). Ekki er ýkja langt síðan að konan sleit sig frá eldavelinni og fór út á vinnumarkaðinn en þróunin til jafnréttis kynjanna á vinnumarkaði hefur þó látið á sér standa, sérstaklega þegar kemur að ábyrgðar- og stjórnunarstörfum fyrirtækja. Hagstofa Íslands (2009: 1) gerði úttekt á þessu máli, *Konur og karlar í áhrifastöðum 2008*. Í þessari úttekt kemur fram að á tímabilinu 1999 – 2007 hafi kynskipting í stöðum stjórnarmanna og stjórnarformanna nánast verið sú sama allan þennan tíma eða 22% konur á móti 78% karlar. Þessi niðurstaða sýnir á mjög greinilegan hátt hversu karllægar atvinnugreinar fjármálalífsins eru, þar sem offjöldgun var á stjórnendum á þessu tímabili og greinilega ekki mikil þörf fyrir hugvit konunnar. Jafnframt kemur það fram í úttektinni að níu af hverjum tíu framkvæmdastjórum, stjórnarformönnum eða stjórnarmönnum fyrirtækja sem hafa fleiri

en 50 starfsmenn eru karlar (2009: 24). Hulda Þórisdóttir bendir á, í tengslum við það hversu mikið fólk líkjast hvert öðru á vinnustaðnum, að bankastjórar og formenn bankaráða bankanna þriggja hér á Íslandi hafi allir verið karlar og allir hafi þeir verið liðlega fertugir. Að sama skapi hafi hinn dæmigerði starfsmaður í lána-, verðbréfa- og hlutabréfageildum bankanna verið karlmaður á aldrinum 25 – 40 ára (2009: 287). Stétt bankamanna hefur í gegnum tíðina einkennst af konum, þó aðallega í störfum gjaldkera og þjónustufulltrúa. En á undanförunum áratug hefur verið mikil fjölgun karlmannna í bankastéttinni og það skal engan undra að þessi fjölgun var í störfum fjármálakerfisins sem titluð eru sem sérfræðistörf (288). Lilja Mósesdóttir hefur talað fyrir athafnaiðkun kvenna og telur hún að konur séu yfirleitt minna áhættusæknar en karlar og eru því mun varkárni. Þetta leiði til þess að fyrirtæki undir stjórn kvenna lenda yfirleitt ekki í gjaldþroti við versnandi efnahagsástand (Lilja Mósesdóttir, 1993). Það hefði því verið fróðlegt að vita hvort skellur bankahrunsins hefði verið jafn slæmur ef fleiri konur hefðu verið við stjórnartaumana í fjármálastofnunum.

Að ofansögðu er það ljóst að kraftar kvenna eru ekki álitnir eins góðir á vinnumarkaði og karla, sem einnig sést greinilega á þeim launamun sem er á milli kynjanna. Félagsfræðingurinn Catherine Hakim (2007) telur að þann mun, sem myndast hefur á milli kynjanna á vinnumarkaði, sé ekki hægt að rekja til kerfislægs aðstöðumunar heldur megi rekja þetta til forgangsröðunar kynjanna. Kynjamunurinn sem orðið hefur á vinnumarkaði með tilliti til launa, telur Hakim, ekki sprottinn frá karllægum gjörningum heldur hefur þessi munur orðið til vegna þess að konur velja það frekar að eiga sér fjölskyldulíf en að huga að eigin starfsframa (2007: 129-130). Þær vilja frekar stóla á framfærslu fjölskylduföðurins heldur en að keppa á vinnumarkaðnum sjálfar, þær velja börnin fram yfir stjórnunarstöðurnar.

Árlega kemur út skýrsla *World Economic Forum* en í henni eru mæld kynjabil 134 landa. Í skýrslunni er stuðst við fjóra mælikvarða við mælingar á kynjabili, það er efnahagslega þátttaka og tækifæri, menntun, pólitísk þátttaka og heilsa. Í mælikvarðanum efnahagsleg þátttaka og tækifæri er stuðst við gildi eins og atvinnuþátttöku, atvinnutekjur, laun fyrir sambærileg störf og kynjahlutfall meðal stjórnenda og sérfræðinga. Á árunum 2006-2008 var Ísland í 4 sæti en var komið upp í 1. sæti árið 2009 og taldist Ísland þá hafa minnsta kynjabilið í heiminum (Hausmann, 2010: 111; Þorgerður Einarsdóttir, 2010a). Konur voru þá jafnvígar karlmönnum á vinnumarkaði, menntun þeirra var orðin jafn mikil ef ekki meiri, en aftur á móti skoruðu íslenskar konur ekki eins hátt á mælikvarðanum sem mældi völd og áhrif. Það virðist

því að kvennkynið sé að fíkra sig nær karlpeningnum í atvinnulífinu en skortur er enn á, launalega séð, að störf konunar sé metin til jafns við þau sem að karlkynið vinnur.

5 Lokaorð

Gagnrýnendur nýfrjálshyggju um allan heim hafa talið hugmyndafræðina meingallaða og oft á tíðum uppruna alls vanda nútímans. Hagfræðingar eru taldir hafa stjórnað heiminum undanfarna áratugi með áhrifum sínum á stjórnámálamenn og embættismenn (Wilk og Cligget, 2007: 38-39). Sú hagfræði sem við þekkjum í dag er sögð grundvallast á hugmyndum Adams Smith um markaðslögmálin (2007: 51). Adam Smith færði rök fyrir því að markaðinum vegnaði best með lágmarks afskiptum ríkisins og ef áhrifum frá valdamiklum embættismönnum og öðrum áhrifaaðilum gætti ekki á frjálsum markaði (Bidstrup, 2002). Undanfarna áratugi hefur hvorugu þessu lögmáli verið fylgt og spurning er hvort heimurinn stæði í þessum erfiðleikum í dag ef áhrif- og hagsmunaraðilar hefðu staðið utan hins frjálsa markaðar eins og Smith mælti með. Markaðinum átti jafnframt að vegna best ef á honum störfuðu mörg lítil fyrirtæki án afskipta frá stórum, einkavæddum fyrirtækjasamstæðum (Bidstrup, 2002). En á nútímamarkaði um allan heim hafa ört vaxandi stórfyrirtæki yfirtekið þau minni, enda voru þau ekki lengur samkeppnishæf. Af þessu má sjá að hagfræðin hunsaði grunngildi fræðigreinarinnar.

Marc Edelman og Angelique Haugerud tala um að Smith hafi verið mjög mótfallinn græðgi þeirra ríku og að öll neysla lendi í fárra manna hendur. Það var þó einmitt það sem gerðist á góðæristímanum, þeir ríku urðu ríkari og gátu þar með veitt sér allt sem hugurinn girntist (2007b: 77-78). Fram kom í ræðu iðnaðarráðherra, á vorráðstefnu viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands, að Adam Smith hefði lagt ríka áherslu á að eftirlitsaðilar og löggjafarvald ættu ávallt að skoða á gagnrýninn hátt allar breytingatillögur frá viðskiptalífinu er varða reglur og aðhald áður en þær yrðu teknar til greina (Katrín Júlíusdóttir, 2011).

Í Rannsóknarskýrslu Alþingis (2010) kemur það víða fram að það hafi klárlega verið fólkið sem réð ferðinni í góðærinu, er það fylgdi eftir hugmyndafræði nýfrjálshyggju. Sem dæmi um slík yfirráð er sú gagnrýni sem kom á skýrslu greiningardeildar matsfyrirtækisins Fitch árið 2006 frá embættis- og stjórnámálamönnum og sem Hulda Þórisdóttir vitnar til í rannsóknarskýrslunni. Skýrsla þessi birti stöðu

efnahagsmála á Íslandi í febrúar það ár og fór mikil fjölmiðlaumfjöllun í gang vegna hennar. Margir viðmælendur töldu rétt að taka mark á innihaldi skýrslunnar en aðrir voru því ekki sammála. Gagnrýnendur töldu skýrsluna „glannaleg“, að hún bæri vott um öfund og jafnvel drógu menn hæfni og þekkingu höfunda hennar í efa (Hulda Þórisdóttir, 2009: 276). Í dag mætti segja að þessir embættismenn hefðu betur gætt orða sinna á þessum tíma og frekar tekið matsmenn trúanlega í staðinn fyrir að gagnrýna þá. Rannsóknarnefndin telur að ef grípa hefði átt til aðgerða, til að koma í veg fyrir hrunið, hefði það þurft að gerast í síðasta lagi árið 2006, þar sem bankakerfið var þá þegar orðið of stórt fyrir íslenskt efnahagskerfi (Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson, 2010a: 32). Ef stjórnvöld hefðu á þessum tíma ráðist að hinu frjálsa markaðskerfi, hefðu þau þá ekki verið að brjóta gegn bókstaf nýfrjálshyggju um lágmarks ríkisafskipti? Var það hugmyndafræðin sem þarna hélt aftur af stjórnvöldum eða var það bjargföst trú stjórnmalamanna að hér væri allt í stakasta lagi þrátt fyrir að greiningar sýndu annað? Var grandaleysi þeirra svona algert?

Það er mikilvægt að undirstrika að ekki er hægt að líta á fjármálafyrirtæki sem venjuleg fyrirtæki þar sem þau eru undirstaða alls viðskiptalífs í samfélaginu og heiminum öllum. Sú starfsemi sem fram fer innan veggja fjármálafyrirtækja snertir allt daglegt líf einstaklinga og fyrirtækja. Það þarf varla að minna á hversu afdrifaríkt það getur verið fyrir alla ef fjármálafyrirtæki lenda í vanda. Ekki þarf því að koma á óvart að ríkisvaldið leggi fjármálafyrirtækjum lið, eins og íslenska ríkið gerði á sínum tíma við bankana. Líklega hefðum við kennt ríkinu um ef það hefði leyft fjármálastarfseminni að keyra í þrot með þeim skelfilegu afleiðingum sem það hefði haft fyrir fólkið í landinu. Það er alþekkt í heiminum að ríki komi fjármálastofnunum til hjálpar þegar gjaldþrot steðjar að en aftur á móti gefur þetta seinasta úrræði stjórnendum fyrirtækja ákveðið svigrúm. Þetta svigrúm gefur stjórnendum færi á að taka áhættu, þar sem þeir vita að þeim verður komið til hjálpar ef illa fer (Salvör Nordal, 2010: 99).

Viðskiptasiðferði er margþætt og nær til allra sviða viðskipta og mannlífs. Um aldir hefur gott viðskiptasiðferði verið talið til helstu dyggða og undirstaða velmegunar. Viðskiptasiðferði snýst um samfélagsleg ábyrgð og framkomu stjórnenda fyrirtækja. Eigendur og stjórnendur fyrirtækja eru metnir af því orðspori sem af þeim fer en það skapast af framkomu og ábyrgð þeirra gagnvart hag allra sem að fyrirtækinu koma (Endurreisnarnefnd Sjálfstæðisflokksins, 2009: 36). Á þessu varð töluverður brestur í hér á Íslandi og líklega finnst mörgum skrýtið að sjá orðin viðskipti og siðferði sem

samsætt orð. Í endurreisnarskýrslu Sjálfstæðisflokksins kemur fram að stærsti siðferðisbresturinn í viðskiptalífínu hafi verið sá að menn töldu sig lifa utan við samfélagið og gætu þar að leiðandi farið eftir eigin leikreglum og ímynduðum grunni þess viðskiptalíkans sem þeir höfðu gert sé sjálfir (2009: 36) Í Rannsóknarskýrslu Alþingis, þeim hluta hennar sem fjallar um siðferði og starfshætti, er rætt um mikilvægi siðferðislegrar hugsunar hjá stjórnvöldum og almenningi. Siðferðisleg hugsun felur í sér að gæta þarf að almannahag en ekki sérhagsmuna. Í aðdraganda bankahrunsins var vel hlúið að sérhagsmunum ákveðinna aðila innan fjármálakerfisins (Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ásgeirsdóttir, 2010: 10) en minna líklega gert úr því sem snéri að almannahag. Hvað var þá siðferðilega rétt eða rangt á árunum fyrir hrun? Líklega vildu menn sjá mannlega hegðun endurspeglast í sanngirni, réttlæti og heiðarleika en margir eru líklega sammála um að hegðunin sýndi sig fremur í græðgi, óréttlæti og óheiðarleika í viðskiptalífínu. Þó hægt sé að sammælast um margt sem siðferðilega fór úrskeiðis þá voru það ekki margir sem gagnrýndu þau gildi sem viðskiptajöfrarnir lifðu og störfuðu eftir. Íslendingar líktu þessum mönnum við víkinga (útrásarvíkinga) og voru þar líklega að skírskota til styrks og máttar frumbyggja okkar hér á landi.

Mannfræðingurinn John Comaroff (2011) telur að ekkert bendi til þess að nýfrjálshyggja sé á undanhaldi eða að markaðurinn sem slíkur hafi eitthvað breyst eftir efnahagshrunið í heiminum. Einu hugmyndirnar sem fram hafa komið hafi verið á þann veg að lappa upp á reglugerðir og stoppa í göt. Engin umpólun á þessu kerfi hefur átt sér stað (Comaroff, 2011: 144). Að þessu sögðu má ætla að það hafi ekki verið hugmyndafræði markaðshyggjunnar sem var meinið heldur gjörðir fólksins, svo vitnað sé í John Lanchester þá voru það fjögur mein sem urðu okkur að falli: „græðgi, heimská, stjórnvöld og bankar“ (2009, mars). Þessi orð Lanchester mætti túlka á þann veg að meinið lægi ekki í sjálfri hugmyndafræðinni heldur í hvernig fólkið hegðaði sér og starfaði.

Kolbeinn Stefánsson heldur fram að samfélagslegt skipulag, eins og til dæmis stofnanir og kerfi, myndi ramma utan um vinnu fólks og ekki skipti máli á hvaða hugmyndafræði það byggist. Ef skipulagið sem fólkið vinnur eftir byggir á óraunhæfum forsendum um atferli mannsins mun kerfið ekki ganga upp (2010: 11). Hugmyndafræði nýfrjálshyggju var vissulega sá rammi sem fólkið átti að vinna innan en það er orðið nokkuð ljóst að fólkið fór talsvert út fyrir rammann. Að því sögðu má auðvitað deila um það hvort hugmyndafræðin hafi brugðist. En hér að framan hef ég reynt að sýna fram á

Það er líka ljóst, burt séð frá því hvaða pólitíska hugmyndafræði verði ríkjandi á Íslandi á næstu árum, þá verða Íslendingar að byggja upp samfélag þar sem gegnsæi, siðferði og jafnrétti verði sett í öndvegi.

6 Heimildaskrá

Arnaldur S. Kristjánsson og Stefán Ólafsson. (2009). Heimur hátekjuhópanna: Um þróun tekjuskiptingar á Íslandi 1993 til 2007 [rafræn útgáfa]. *Stjórnmal og Stjórnsýsla*. Sótt 4. janúar 2012 af <http://skemman.is/is/item/view/1946/8993>.

Ágúst Einarsson. (2007). *Rekstrarhagfræði*. Reykjavík: Mál og Menning.

Ármann Þorvaldsson. (2009). *Ævintýraeyjan: Uppgangur og endalok fjármálaveldis*. Reykjavík: Bókafélagið.

Barton, L. (2008, 31. október). On the money. *The Guardian*. Sótt 4. mars 2012 af <http://www.guardian.co.uk/business/2008/oct/31/creditcrunch-gillian-tett-financial-times>.

Bidstrup, S. (2002, 15. október). *Free market fundamentalism: Friedman, Pinochet and the "Chilean Miracle"*. Sótt 20. janúar 2012 af <http://www.bidstrup.com/economics.htm>.

Bresser-Pereira, L. C. (2010). The 2008 financial crisis and neoclassical economics [rafræn útgáfa]. *Brazilian journal of political economy*, 30(1), 3-26.

Carrier, J. G. og Miller, D. (1999). From private virtue to public vice. Í H. L. Moore (ritstjóri), *Anthropological theory today* (bls. 24-47). Cambridge: Polity Press.

Comaroff, J. (2011, september). The end of neoliberalism? What is left of the left [rafræn útgáfa]. *The annals of the American Academy of political and social science*. 637, 141-47. Sótt 15. janúar 2012 af <http://ann.sagepub.com/content/637/1/141.full.pdf>.

Edelman, M. og Haugerud, A. (2007a). Introduction: The anthropology of development and globalization. Í Marc Edelman og Angelique Haugerud (ritstjórar), *The anthropology of development and globalization: From classical political economy to contemporary neoliberalism* (bls. 5-17). Oxford: Blackwell.

- Edelman, M. og Haugerud, A. (2007b). Introduction: The anthropology of development and globalization. Í Marc Edelman og Angelique Haugerud (ritstjórar), *The anthropology of development and globalization: From classical political economy to contemporary neoliberalism* (bls. 75-86). Oxford: Blackwell.
- Endurreisnarnefnd Sjálfstæðisflokksins. (2009). *Endurreisn atvinnulífsins: Uppgjör, umfjöllun, álit og tillögur vegna stöðu og framtíðar íslensks atvinnulífs*. Reykjavík: Sjálfstæðisflokkurinn.
- Ferguson, C. og Marris, A. (framleiðendur) og Ferguson, C. (leikstjóri). (2010). *Inside Job* [heimildarmynd]. Los Angeles: Sony Pictures Classics.
- Friedman, M. (1982). *Frelsi og framtak*. (Hannes Hólmsteinn Gissurarson þýddi). Reykjavík: Almenna Bókafélagið. (Upphaflega gefið út 1962).
- Garðar Árnason. (2003). Vísindi, gagnrýni, sannleikur: hugleiðingar um Michel Foucault og vísindaheimspeki. *Hugur: tímarit um heimspeki*, 15, 197-215.
- Gustafsson, P. (2010). Vandvirkni eða vitsmunaleg tregða? Í Kolbeinn Stefánsson (ritstjóri), *Eilífðarvél: Uppgjör við Nýfrjálshyggju* (bls. 62-92). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hagstofa Íslands. (2009, 23. janúar). Konur og karlar í áhrifastöðum 2008. *Hagtíðindi: Heilbrigðis- félags og dómsmál*, 1. Sótt 3. mars 2012 af <http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=9087>.
- Hann, C og Hart, K. (2011). *Economic anthropology: History, ethnography, critique*. Cambridge: Polity Press.
- Hannes H. Gissurarson. (2004, 29. janúar). Miracle on Iceland. *The Wall Street Journal*. Sótt 8. janúar 2012 af <http://courses.wcupa.edu/rbove/eco343/040Compecon/Scand/Iceland/040129prosper.htm>.

- Hakim, C. (2007). Dancing with the devil? Essentialism and other feminist heresies [rafræn útgáfa]. *The British journal of sociology*, 58(1), 124-132.
- Halldór Ásgrímsson. (2005, 8. febrúar). Ræða forsætisráðherra á Viðskiptaþingi Verslunarráðs. Sótt 23. apríl 2012 af http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/Raedur_HA/nr/1707.
- Hardt, M og Negri, A. (2000). Lífpólítísk framleiðsla – ásamt formála að Veldinu (Viðar Þorsteinsson þýddi). *Hugur: tímarit um heimspeki*, 15/2003, 197-215.
- Harvey, D. (2006). *Spaces of global capitalism*. London: Verso.
- Harvey, D. (2007a). Neoliberalism as creative destruction [rafræn útgáfa]. *The annals of the American Academy of political and social science*. 610, 21-44. Sótt 20. janúar 2012 af <http://ann.sagepub.com/content/610/1/21.full.pdf+html>.
- Harvey, D. (2007b). *A brief history of neoliberalism*. Oxford: Oxford University Press.
- Hausmann, Ricardo o.fl. (2009). *The global gender gap 2009*. World Economic Forum. Sótt 8. mars 2012 af <https://members.weforum.org/pdf/gendergap/report2009.pdf>.
- Ho, K. (2009). *Liquidated: An ethnography of Wall Street*. Durham and London: Duke University Press.
- Hulda Þórisdóttir. (2009). Afsprengi aðstæðna og fjötruð skynsemi: Aðdragandi og orsakir efnahagshrunsins á Íslandi frá sjónarhóli kenninga og rannsókna í félagslegri sjálfræði. Í Páll Hreinsson, Sigríður Benediktisdóttir og Tryggvi Gunnarsson (ritstjórar), *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*, 8. bindi. Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis. Sótt 20. febrúar 2012 af <http://www.rannsoknarnefnd.is/pdf/RNABindi8.pdf>.
- Irma Erlingsdóttir. (2011). Af veikum mætti: Ábyrgðar- og gagnrýnishlutverk háskóla. Í Ásdís R. Magnúsdóttir og Þröstur Helgason (ritstjórar), *Ritið: tímarit hugvísindastofnunar*, 1, 11-25.

Katrín Júlíusdóttir. (2011, 13. apríl). *Vorráðstefna Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands*. Sótt 16. apríl 2012 af <http://www.idnadarraduneyti.is/radherra/raedur-greina-KJ/nr/3155>.

Kolbeinn Stefánsson. (2010). Sjálfgengissamfélagið: Leitinn að hinu algilda lögmáli. Í Kolbeinn Stefánsson (ritstjóri), *Eilífðarvél: Uppgjör við Nýfrjálshyggju* (bls. 9-52). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Lanchester, J. (2009, 21. mars). Outsmarted: High finance vs. human nature [rafræn útgáfa]. *The New Yorker*. Sótt 5. febrúar 2012 af http://www.newyorker.com/arts/critics/books/2009/06/01/090601crbo_books_lanchester?currentPage=1.

Lilja Mósesdóttir. (1993, 15. júlí). Athafnakonur: Konur eru varkárar í rekstri en karlar. *Morgunblaðið*. Sótt 4. mars 2012 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/108825/>.

Loftur A. Eiríksson. (2010). Menningarvæðing viðskiptalífsins. Í Ásdís R. Magnúsdóttir og Björn Þorsteinsson (ritstjórar), *Ritið: tímarit hugvísindastofnunar*, 1, 58-82.

Luetchford, P. (2005). Economic anthropology and ethics. Í James G. Carrier (ritstjóri), *A handbook of economic anthropology* (bls. 390-404). Massachusetts: Edward Elgar Publishing, Inc.

Mankiw, G. N. og Taylor, M. P. (2008). *Economics*. London: South-Western Cengage Learning.

Maurer, B. (2005). Finance. Í James G. Carrier (ritstjóri), *A handbook of economic anthropology* (bls. 176-193). Cheltenham: Edward Elgar Publishing Limited.

McGee, R. J. og Warms, R. L. (2008). Feuerbach: Opposition of the materialist and idealist outlook. Í R. J. McGee og R. L. Warms (ritstjórar), *Anthropological theory: An introductory history* (bls. 54-68). Boston: McGraw-Hill.

Metcalf, P. (2005). *Anthropology: the basics*. New York: Routledge.

Ong, A. (2006). *Neoliberalism as exception*. USA: Duke University Press.

Ortner, S. (2011, maí). On neoliberalism. *Anthropology of this century, 1*. Sótt 1. febrúar 2012 af <http://aotcpres.com/articles/neoliberalism/>.

Ostrow, J. (1981). Culture as a fundamental dimension of experience: A discussion of Pierre Bourdieu's theory of human habitus. *Human studies, 4*(3), 279-297. Sótt 20. mars 2012 af www.jstor.org/stable/20008810.

Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson. (2010a). Ágrip um meginniðurstöður skýrslunnar. Í Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson (ritstjórar), *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*, 1. bindi, 31-48. Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis. Sótt 3. febrúar 2012 af <http://www.rannsoknarnefnd.is/pdf/RNABindi1.pdf>.

Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson. (2010b). Eftirlit með starfsemi á fjármálamarkaði. Í Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson (ritstjórar), *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*, 5. bindi, 41-192. Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis. Sótt 3. febrúar 2012 af <http://www.rannsoknarnefnd.is/pdf/RNABindi5.pdf>.

Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson. (2010c). Orsakir falls íslensku bankanna – ábyrgð, mistök og vanræksla. Í Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson (ritstjórar), *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*, 7. bindi, 177-326. Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis. Sótt 10. febrúar 2012 af <http://www.rannsoknarnefnd.is/pdf/RNABindi7.pdf>.

Persky, J. (1995). Retrospectives: The ethnology of homo economicus. [rafræn útgáfa]. *The journal of economic perspectives, 9*(2), 221-231.

Phelps, E. S. (2009). Economic justice and the spirit of innovation. [rafræn útgáfa]. *First things: A journal of religion, culture and public life, 196*(10), 27-31.

Salvör Nordal. (2010). Samfélagsleg ábyrgð í viðskiptalífinu. Í Kolbeinn Stefánsson (ritstjóri), *Eilífðarvélin: Uppgjör við nýfrjálshyggju* (bls. 93-111). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sahlins, M. (2002). *Waiting for Foucault, still*. Chicago: Prickly Pear Press.

Singer, P. (2000). *Marx: A very short introduction*. Oxford: Oxford University Press.

Slim, H. (1995). What is development? [rafræn útgáfa]. *Development in practice*, 5(2), 143-148. Sótt 15. febrúar 2012 af <http://www.jstor.org/sici?sici=0961-4524%28199505%295%3A2%3C143%3AWID%3E2.0.CO%3B2-%23>

Stefán Ólafsson. (2008). Íslenska efnahagsundrið: Frá hagsæld til frjálshyggju og fjármálahruns [rafræn útgáfa]. *Stjórnmal og stjórnsýsla*. Sótt 10. janúar 2012 af <http://skemman.is/handle/1946/8982>

Stiglitz, J. E. (2002). *Globalization and its discontents*. New York: W. W. Norton & Company.

Stiglitz, J. E. (2010). *Freefall: Free market and the sinking of the global economy*. London: Allen Lane.

Svavar Hávarðsson (2010, 14. apríl). FME mannað af krökkum án reynslu. *Fréttablaðið*. Sótt 10. apríl 2012 af <http://www.visir.is/fme-mannad-af-krokkum-an-reynslu/article/2010268256980>.

Tett, G. (2009). *Fool's gold: How unrestrained greed corrupted a dream, shattered global markets and unleashed a catastrophe*. London: Abacus.

Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ásgeirsdóttir (2010). Siðferði og starfshættir í tengslum við fall bankanna 2008. Í Páll Hreinsson, Sigríður Benediksdóttir og Tryggvi Gunnarsson (ritstjórar), *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir*

atburðir, 8: bindi, 7-298. Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis. Sótt 3. febrúar 2012 af <http://www.rannsoknarnefnd.is/pdf/RNABindi8.pdf>

Vorster, N. (2010). An ethical critique of Milton Friedman's doctrine on economics and freedom. *Journal for the study of religions and ideologies*, 9(26), 163-188.

When, F. (2000). *Karl Marx: A life*. New York: W. W. Norton & Company.

Wilk, R. R. og Cliggett, L. C. (2007). *Economies and cultures: Foundations of economic anthropology*. Cambridge: Westview Press.

Wolff, R. D. (2010). *Capitalism hits the fan: the global economic meltdown and what to do about it*. USA: Olive Branch Press.

Þorgerður Einarsdóttir. (2010a). Kreppur og kerfishrun í ljósi kyngerva og þegnréttar [rafræn útgáfa]. *Íslenska þjóðfélagið*, 1, 27-48.

Þorgerður Einarsdóttir. (2010b). Kynmyndir og kyngervi nýfrjálshyggjunnar. Í Kolbeinn Stefánsson (ritstjóri), *Eilífðarvélin: Uppgjör við nýfrjálshyggjuna* (bls. 195-218). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

.....